



Sigmundur Andr sson bakaramameistari

Sigmundur Andr sson bakameistari

<b>Efnisyfirlit:</b>	<b>Bls.</b>
Formáli og inngangur	1.
<b><u>1. kafli . Uppvaxtarárin á Eyrarbakka</u></b>	
Foreldrar Sigmundar: Andrés Jónsson og Krístrún Ólöf Jónsdóttir	3.
Kambránið	4.
Kommúnismi á Eyrarbakka – Bylting öreiganna	5.
Fyrstu árin á Eyrarbakka	6.
Átta ára í sveit	8.
Eftirminnilegustu jólin	8.
Hættuleg smölun	8.
Afdrifaríkur reiðtúr	9.
Upphaf kúabúskapar í Smiðshúsum	13.
<b><u>2. kafli. Sigmundur fer til Vestmannaeyja og kynnist Dóru Hönnu</u></b>	14.
60 ára brúðkaupsafmæli 2. október 2007	15.
Samrýmd hjón	15.
Sveinspróf	16.
Simmi bakari	17.
„Bíbi bakari“ – Þáttur Dóru Hönnu	18.
Bakaraett	19.
Eldgos á Heimaey – Nýtt bakarí opnað á Eyrarbakka	20.
Uppbygging eftir gosið á Heimaey – Vinnuæði	22.
Opnun bakarísins eftir gos	23.
Skattakóngur Vestmannaeyja	23.
Jólakaka með mikið af rúsinum	23.
Sérvitringur	24.
Simmi skallaði hann ...	25.
Peningar í Danmörku	25.
<b><u>3. kafli. Búseta í Vestmannaeyjum</u></b>	
Heimagata 4 – Hótel Berg	26.
Fjölskyldan á Hótel Berg	27.
Kirkjubæjarbraut 6	27.
Gunnarshólmi – Vestmannabraut 37	28.
Sandfell – Vestmannabraut 36	29.
Lyngfell	29.
Hraunbúðir – eftir 44 góð ár á Vestmannabraut 37	30.

#### **4. kafli. Félagsmálastörf og áhugamál**

Esperanto – La bakisto	30.
Sögufélag Vestmannaeyja	32.
Akóges og Oddfellow	32.
Skákfélag Vestmannaeyja	33.
Fjarskák og Audi 100	33.
Landsamband bakameistara	34.
Sigmundur í pólitík	35.
Spörvaskjól	35.
Bókband	36.
Simmi málari	37.
Safnvörðurinn Sigmundur Andrésson	37.
100 ára	39.
Safnarinn Sigmundur Andrésson	39.
Happatalan 4	39.
Kúttur Surprise GK 4	39.
Vesturgata 44	40.
Útgerðarmaðurinn Sigmundur Andrésson	40.
Konungsríkið	41.
Sigmundur hinn greiðasami	42.
Dagbókin	42.
Hræringur – Einn dagur í lífi Sigmundur – „Ívanor Ívanovits“	43.

#### **5. kafli. Persónan Sigmundur Andrésson**

Afi Simmi – Besti afi í heimi	45.
Helti Sigmundar	48.
Sigmundur hinn heimakæri	31.
Annað líf	48.
Ljóðskáldið Sigmundur	49.

#### **6. kafli . Myndir af Sigmundi og fjölskyldu í leik og starfi**

Heiðursmaður fagnar 85 ára afmæli – fjölskyldumynd	61.
Afkomendur þeirra hjóna Sigmundar Andréssonar og Dóru Hönnu Magnúsdóttur	62.
Heimildir	64.



## Formáli

Í tilefni af 85 ára afmæli Sigmundar Andréssonar 20. ágúst 2007 fannst undirrituðum tími til kominn að taka saman helstu punkta úr ævi og starfi hans. Fyrir níráðisafmælið þann 20. Ágúst 2012 var textinn lagfærður og endurbættur. Stöku viðbótum, nýjum sögum og upplýsingum var komið inn og hér er niðurstaðan.

Mikinn fróðleik er að finna um Dóru Hönnu eiginkonu hans í samantekt sem Halldór S. Magnússon bróðir hennar tók saman um föður hennar og fjölskyldu í tilefni af 100 ára afmæli Magnúsar Bergssonar 2. október 1998. Um ævi og starf Sigmundar hefur minna verið ritað en hann hefur sem betur fer sjálfur tekið saman ýmislegt sem á daga hans hefur drifið. Við fjölskyldan höfum verið svo heppin að hann hefur verið duglegur að senda okkur hinn ýmsa fróðleik en þau eru óteljandi bréfin og sendingarnar sem við höfum fengið frá honum.

Vonandi verður þessi samantekt til þess að varpa betra ljósi á ævi og starf Sigmundar og fjölskyldu hans. Með þessum rituðu orðum verður lesandi vonandi örlítið fróðari um persónuna Sigmund Andrésson, sögu hans en þó sérstaklega um þann mann sem hann hefur að geyma.

Höfundur vill koma á framfæri þakklæti til Sigmundar fyrir þann aragrúa af bréfum sem hann hefur sent höfundi á undanförunum áratugum. Þau eru vel geymd. Sömuleiðis vill hann þakka fyrir skemmtileg og uppbyggileg bréf sem hann hefur sent börnum höfundar og fjölskyldu. Án þessara heimilda hefði þessi samantekt verið fátækleg. Samantektin er ekki tæmandi og það er ekki hægt að útiloka að það hafi einhverjar villur slæðst inn í rit þetta en þær verða vonandi fyrirgefnar.

Þá vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir stuðning og þolinmæði meðan á skrifum stóð. Ritað í Otrabörpi í Þýskalandi og á Íslandi í júlí og ágúst 2007. Endurbætt sumarið 2012 í tilefni af 90 ára afmæli Sigmundar. Óskar Sigmundsson

## Inngangur

Sigmundur Andrésson fæddist þann 20. ágúst árið 1922 í Nýja Bæ á Eyrarbakka.

Foreldrar hans voru Andrés Jónsson (18.10.1896 – 21.11.1978) fæddur á Litlu Háeyri á Eyrarbakka og Krístrún Ólöf Jónsdóttir (22.05.1881- 22.09.1934) fædd í Reykjahlíð, Skútustaðahreppi í S-Þingeyjarsýslu.

Afi og amma Sigmundar í föðurætt voru Jón Andrésson, bóndi á Litlu-Háeyri á Eyrarbakka (01.08.1850-31.08.1929) fædd á á Hallanda, Hraungerðishreppi, Árnassýslu, og kona hans Guðrún Sigmundsdóttir (29.08.1859-26.07.1932) fædd í Hrepphólum, Hrunamannahreppi, Árnassýslu.

Afi og amma Sigmundar í móðurætt voru Jón Pétursson (03.11.1851-16.03.1919) fæddur í Reykjahlíð, Skútustaðahreppi, S-Þingeyjarsýslu og kona hans Þuríður Hólmfríður Jónasdóttir (25.09.1841-09.10.1913) fædd á Grænavatni, Skútustaðahreppi.

Sigmundur var næstelstur af fimm systkynum. Alsystkyni Sigmundar voru Jón Pétur Andrésson (18.10.1919-15.06.2007) og Þuríður Andrésdóttir (08.03.1924-06.08.2002).

Andrés kynntist síðan Úlfhildi Hannesdóttur frá Stokkseyri (03.12.1897-04.03.1982) og áttu þau saman tvo drengi, þá Kristján Andrésson f. 25.08.35 og Hilmar Andrésson f. 01.09.1937.



Mynd af Sigmundi og Þuríði systur sem tekin er upp við steinvegg á Eyrarbakka. Sigmundur er sennilega 5-6 ára gamall á þessari mynd.

## 1.kafli. Uppvaxtarárin á Eyrarbakka

### Hetjan okkar

Sigmundur ólst upp á Eyrarbakka til 9 ára aldurs en árið 1932 meiddist hann eftir að hafa dottið af hestbaki og lá í þrjú og hálf ár á Landsspítalanum í Reykjavík. Þessi tími hlýtur að hafa haft áhrif á ungan dreng svo fjarri foreldrum sínum en þau komust ekki oft í heimsókn. „Pabbi kom þegar hann var á leið til Siglufjarðar á vorin og er hann kom heim á haustin, og mamma bara einu sinni á ári. Það voru engir peningar fyrir fargjaldi...“

Móðir hans deyr síðan rúmum tveimur árum eftir að hann leggst inn á spítala. Hann hefur örugglega óskað þess að sjá foreldra sína oft og það hefur vafalítið oft þurft mikinn kraft og hörku til að halda út svo langan tíma einn á spítala. Þessi ár hafa eflaust haft djúp áhrif á Sigmund, mótað hann að einhverju leyti og viðhorf hans til lífsins. Hann lærði að treysta á sjálfan sig, njóta líðandi stundar og að það er ekki allt sjálfsagt í lífinu. Kannski hefur hann lært þar að hugsa: Ég verð að standa mig og sýna hvað í mér býr.

Sigmundur sýndi svo sannarlega hvað í honum býr og í tilefni af 85 ára afmælis hans kom saman stoltur hópur afkomenda til að sýna honum virðingu sína og þakklæti. Það var veisla sem þeim hjónum þótti afskaplega vænt um.

## **Foreldrar Sigmundar: Andrés Jónson og Krístrún Ólöf Jónsdóttir**

Andrés Jónsson faðir Sigmundar fæddist á Litlu Háeyri á Eyrarbakka 18.10.1896 og ólst upp á Eyrarbakka. Andrés var bóndi en stundaði einnig sjómennsku samhliða búskap og ekki nema 14 ára er hann fór fyrst á skútu. Hann tók mótóristapróf og var oftast kallaður mótóristi eftir að hann hætti á skútunum. “Þá tók hann líka svokallað Pungapróf 1916 og þar kynntist hann móður okkar systkyninna þar sem hún kenndi Dönsku... Hann var aldrei með bát sjálfur þótt svo honum hafi boðist það, hann hafði heldur viljað bara vera mótóristi og var mjög góður í sínu fagi. Hreinlegur og gekk vel um vélarnar. Pabbi þótti afbragðs sjómaður, lifandi og lipur til allra verka á sjó, fyrsta flokks mótóristi og umgengni hans til fyrirmyndar bæði á sjó og landi.”

Andrés fór 1930 til Siglufjarðar til að vinna þar í síldarverksmiðju Dr. Paul. “Pabbi varð fljótt yfirmaður í lýsinu sem svo var kallað...” Andrés vann einnig í nýrri verksmiðju á Raufarhöfn til 1939 þar til hann varð leiður á miklum fjarverum og “..þreyttur á þessu flakki..”

Móðir Sigmundar Krístrún Ólöf Jónsdóttir fæddist 22.05.1881. Sigmundur bar einstakan hlýhug til móður sinnar og minnst oft á hana í minningum sínum eins og lesa má síðar í þessari samantekt. “Hún var afskaplega ljúf og góð.” Móður Sigmundar dreymdi fyrir nafni hans en Sigmundur Andrésson var bóndi og bjó í Framnesi sem er bær milli Stokkseyrar og Eyrarbakka rétt við Gamla Hraun. Sigmundur þessi var faðir Guðrúnar konu Jóns á Litlu Háeyri.

Krístrún móðir Sigmundar var fædd og uppalin í Reykjahlíð en kom til Eyrarbakka til að vinna sem kaupakona hjá læknishjónunum þar. Hún hafði lært í húsmæðraskólanum og kenndi dönsku á Eyrarbakka þar sem hún kynntist Andrési.



Krístrún móðir Sigmundar.



Læknisbústaðurinn þar sem hún var kaupakona brann og missti Krístrún þannig allar eigur sínar, handavinnu ofl. sem hún hafði komið sér upp. Staðið var að söfnun fyrir þeim eftir brunann en talið var að ekkert af þeim peningum sem safnaðist hafi borist til hennar. Þetta var af einhverjum talin vera ástæða þess að Andrés faðir Sigmundar fór ekki í jólaboð þangað með konu sinni eins og fram kemur síðar.

Krístrún móðir Sigmundar lést þegar Sigmundur var 12 ára en það hlýtur að hafa verið skrytið að koma heim til sín eftir þrjú og hálf ár á spítala og þá komin ný kona við hlið föður hans og nýr bróðir inn á heimilið. Þá var Úlfhildur komin til sögunnar og hafði hún átt Krístján með Andrési á meðan Sigmundur lá á spítalanum. Jón Pétur bróðir hans fór norður í Reykjahlíð í sveit eftir að móðir þeirra lést og var þar hjá móðurbróðir sínum Þorsteini Jónssyni bónda og konu hans Guðrúnu F. Einarsdóttur í Reykjahlíð.

### **Kambsránið**

Langafi Sigmundar í föðurætt var Andrés Jónsson en hann var barn þegar svokallað Kambsrán var framið en þá var bóndabærinn Kambur rændur og Þuríður formaður kom upp um þá sem það gerðu.

„Kambsránið er rán sem framið var þann 9. febrúar árið 1827 á bænum Kambi í Flóa. Fjórir grímuklæddir menn réðust inn í bæinn bundu bóndann Hjört Jónsson og húsfólk hans og brutu upp hirslur í leit að peningum. Þeir rændu um 1000 ríkisdöllum.

Ræningarnir skildu eftir sig verksummerki m.a. skó, járnflein og vettling. Þuríður formaður á Stokkseyri taldi sig þekkja handbragðið á skónum og að fór á járnfleininum pössuðu við steðja í eigu Jóns Geirmundssonar á Stéttum í Hraungerðishreppi. Vettlingur sem fannst í túninu á Kambi var talinn kominn frá Jóni Kolbeinssyni á Brú í Stokkseyrarhreppi. Grunur beindist einnig að bróður hans Hafliða.

Þessir menn játuðu og bentu á forsprakkann sem var Sigurður Gottsvinnsson á Leiðólfsstöðum.“

Heimild: [www.wikipedia.is](http://www.wikipedia.is)



Úlfhildur Hannesdóttir og Andrés Jónsson lengst til vinstri.

## Kommúnismi á Eyrarbakka – Bylting öreiganna

Látum Sigmund hafa orðið aftur til að lýsa föður sínum og pólitískri afstöðu hans.

“Á þessum árum urðu margir menn ansi róttækir í hugsun og það fór heldur ekki framhjá honum, þessi upprisa sólarinnar úr austri. Hann varð fljótt einn af þeim fyrstu sem gengu í Kommúnistaflokkinn og fylgdi honum af sannfæringu alla sína tíð. Hann stofnaði “sellu” á Bakkanum og var nokkur kraftur í þeim á tímabili. Hann trúði á heimsbyltingu ... og hann virðist aldrei hafa misst trú á byltingu öreiganna..

Á þessum árum var mikið líf í Verkalýðsfélaginu Bárinni á Eyrarbakka.. Báruballið var einhver mesta skemmtun ársins.. jafnvel í hugum sumra meiri hátið en sjálf jólin. Fjölirnir (samkomuhúsið á Eyrarbakka) var þá skreyttur með rauðum fánum og myndum af helstu leiðtogum byltingarinnar, heil plaköt, stór mynd af Karli Marx með sitt mikla grúa skegg. Mynd af Lenin með derhúfu í hópi uppreisnarmanna og sjóliða.... Ég man þetta svo vel því sumar af þessum myndum voru geymdar í neðstu kommóðuskúffunni hennar mömmu undir fallega kasmírsgjalinu sem hún átti og breyddi svo vandlega yfir myndirnar af þessum frelsurum öreiganna í þessu guðsyrirgefna plássi þar sem menn höfðu illa óní sig að éta. En ég hefði oft seinna öfundað þá menn og konur sem höfðu svona sterka trú á sínum málstað... Og mér er það enn í minni þegar pabba var boðið til Rússlands og þá gat hann með eigin augum séð sæluríki kommúnismans. Og það merkilega var: Hann var síður en svo fyrir vonbrigðum, heldur þvert á móti: Það var ekki nóg að fólkið væri feitt og glatt, nei takk. Heldur var sjálf sólin rauð og miklu hlýrri en hér heima, eins og Guðmundur Daníelsson hefur eftir honum í blaðdaviðtali eftir ferðina. Þessi ferð veitti honum mikla sönnun og ánægju er hann bjó að til hinstu stundar! Þetta var sólin sem hann hafði trúað á og myndi frelsa heiminn frá hungri og kvöl. Hún varð honum líkt og kristur er öðrum. Og það verð ég að segja, að mikið er ég feginn að hann skyldi ekki lifa þá daga sem hún hrundi. En það yrði efni í heilan fyrirllestur.”

Tilvitnanir í þessum kafla eru teknar úr ódagsettri samantekt sem Sigmundur sendi höfundu. Einn góður frændi okkar man eftir því að hafa heyrt að afi Andrés og synir hans hafi ekki fengið vinnu á Eyrarbakka vegna pólitískra skoðana afa. „Ég man að pabbi sagði mér að þeir bræður (og afi líka) hefðu margoft ekki fengið vinnu á bakkanum því þeir væru synir kommúnista.“



Andrés Jónsson í Rússlandi – Alsæll.



Tekið í kirkjugarðinum á Eyrarbakka við gröf Andrésar Jónssonar föður Sigmundar. Þar kom ættin saman í tilefni af 100 ára afmæli Andrésar 15.06.1996.

### **Fyrstu árin á Eyrarbakka**

Sigmundur man fyrst eftir sér sem 5 ára gamall strákur þegar faðir hans leiddi hann inn í eldhúsið í Smiðshúsum sem þau voru að kaupa árið 1927. “Ég man að það var full vatnsfata á bekknum til vinstri þegar við gengum upp þessar 4 tröppur og komum í eldhúsið, sem var mjög lítið ekki meira en svona tæpir 2 sinnum 3 metrar á kant.” Í frásögn Sigmundar fylgir síðan nánari lýsing á Smiðshúsum.



Smiðshús á Eyrarbakka 1935. Málað af Sigmundi 1982.

Næstu kaflar innihalda lýsingar og minningar Sigmundar frá fyrstu árum sínum á Eyrarbakka en þar liggja rætur Sigmundar og það duldist engum sem hann hafa þekkt. Honum hefur alltaf þótt býsna vænt um þorpið og íbúa þess. Hann fylgdist vel með öllu sem gerðist á Bakkanum og vildi hag þorpsins sem mestan.

Höfundur minnst þess einnig hversu oft Sigmundur og Dóra Hanna gátu haft mismunandi skoðanir á veðurfréttunum og á endanum svaraði hún “Já já, auðvitað er alltaf heitast á Bakkanum. Þar er alltaf besta veðrið á landinu.”



Einstök mynd þar sem öll systkynin frá Smiðshúsum eru saman. Myndin er tekin undir vestur eldhúsglugganum í Smiðshúsum á 60 ára afmæli Andrésar Jónssonar 18. okt. 1956.

Talið frá vinstri: Hanna Haraldsdóttir dóttir Úlfhildar, Þuríður Andrésdóttir, Úlfhildur Hannesdóttir fósturmóðir Sigmundar móðir Kristjáns og Hilmars, Sigmundur Andrésson. Andrés Jónsson. Hilmar Andrésson, Jón Pétur Andrésson, Kristján Andrésson, Vilborg Magnúsdóttir móðir Boddu, Vilborg Ólafsdóttir (Bodda kona Jóns Péturs) og þeyjinn er Jón Gunnlaugsson næstelstur af 13 börnum Þuríðar.

Sigmundur kom með forláta kransaköku fyrir afmælisbarnið og þótti hún sérstaklega góð. Þegar gestirnir voru komnir niður í hálfu köku þá kom í ljós Dimble vískiflaska sem var falin inni í kökunni. Gjöfín vakti lukku hjá Andrésí sem og gestum sem kunnu vel að meta kökuna og ekki síður mjöðinn mjúka.

## Átta ára í sveit

Sigmundur var í sveit á Þúfu í Ölfusi 1930 og 1931. Fyrri sumarið var hann með móður sinni og Þuríði systur sinni þar sem móðir hans var kaupakona á Þúfu eitt sumar en seinna sumarið 1931 var hann einn. Hann minnst þess er hann var m.a. smali með hundinum Snata og hjálpaði til með hestana aðeins átta ára gamall. Hann var ekki hár í loftinu átta ára en honum tókst að komast á hestbak með því að teyma hestinn Stóra rauð að mjólkurbrúsa pallinum en þaðan var ekkert mál að klofa á bak.

“Svona var þetta nú í Ölfusinu 1930”

## Eftirminnilegustu jólin

Það voru ein jól sem Sigmundur mun aldrei gleyma og lýsir hann þeim á eftirminnilegan hátt í bréfi til fjölskyldunnar í Otrabörpi 28. desember 2005. Hann hafði þá lesið þetta upp í jólaboðinu á Vestmannabrautinni það sama ár.

“Það var þegar ég var svona 6 til 8 ára gamall. Þá var mamma búin að gera allt hreint og á aðfangadag tók hún bala og þvoði okkur öllum og færði í hrein föt, kanski nýja sokka eða skyrtu sem var jólagjöfin. Og við máttum alls ekki koma inn í baðstofu fyrir en búíð var að skreyta jólatréð og gera allt klárt. Svo var búinn finnur matur og rétt fyrir 6 var síðan stofan opnuð og þá hvítur dúkur á borðum og lítið jólatré á kommóðunni og búíð að kveikja á því og líka kerti á borðinu. Öll komin í sparifötin og nú var sest til að borða. En áður en það var þá las pabbi jólaguðspjallið, svo var voða góður hvítur grautur með saft út á. Þegar búíð var að borða þá var sungið Í Betlehem er barn oss fætt. Ekki var hægt að ganga kringum jólatréð því það var bara ekki pláss til þess. Þá voru gjafirnar teknar upp sem voru nú ekki margar eða miklar miðað við seinustu árin. Eitthvað til að fara í frá pabba og mömmu, kannski peysa eða skór. En ég man þó eftir því að Guðjón bróðir pabba sendi okkur alltaf enhverja harða pakka, og voru það kannski tindátar, pílubysa eða bílar handa okkur Jóni, en Þura fékk brúðu sem hægt var að vagga. En bílarnir voru það flottasta, og ég man að við fengum fjöl og lögðum hana á þröskuldinn framí eldhús og reyndum með okkur hvor dreif betur.

Svo var súkkulaði um kvöldið og einhverjar finnar kökur með. Og við fengum að hafa kerti. Annars var nú plássíð ekki stórt þessi eina baðstofa með tveim rúmum sitthvorumegin. Pabbi og mamma sváfu í öðru en við bræðurnir í hinu. Þura svaf svo í litlu rúmi fyrir aftan þau. Okkur var nú alltaf boðið vestur í Læknishús, en mamma hafði komið sem vinnukona með þeim Gísla Péturssyni og Aðalbjörgu Jakobsdóttur en mamma og hún voru systradætur. Þar var alltaf fullt af fólki og húsið svo stórt og fínt að maður bara varð undrandi. Mikið sungið og gengið kringum jólatré með lifandi kertum og pokum á sem sælgæti var í.

En það var nú svo að aldrei man ég eftir því að pabbi færi þangað og ég man það og hugsa oft um það seinna hvað henni hefur þótt það sárt að hafa hann ekki með. Ég veit ekki hvers vegna þetta var en minnir þó að það hafi verið eitthvað útaf brunanum sem varð hjá læknishjónunum skömmu eftir að þau komu til Eyrarbakka. Og svo var líka mikill stéttamunur og hann þver, einsog kannski fleiri. En svo fórum við öll alltaf til afa og ömmu norður að Litluháeyri og þau komu til okkar.”

## Hættuleg smölun

Í bréfi til Ástrósar Óskarsdóttur frá 12.07.03 segir Sigmundur svo frá miður skemmtilegri lífsreynslu sinni .

“Það er nú orðið ansi langt síðan þessi saga gerðist, eða þegar ég var aðeins 6 ára gamall og hálfgerður óviti. Saga þessi hefst þegar faðir minn var að ganga til kinda þegar sauðburður stóð hæst, og átti hann nokkrar kindur uppi á Háeyrarmýri en hún byrjar svona um 1 kílómetra frá sjálfu plássinu. Veður var mjög gott einn daginn og fékk ég að fara með honum í þessa ferð. Við löbbuðum nú í hægðum okkar og gengum svolítið um mýrina og fann pabbi allar sínar kindum með lömbum. Nema eina. Hann sagði mér því að bíða við lítið vatn sem hólmi var í því miðju með nokkrum steinum. Hann ætlaði að hlaupa svolítið vestar og sjá til hvort

hann sæi ekki kindina. Ég horfði hugfanginn út í þennan hólma og sá tvo stóra hvíta fugla synda þarna fram og aftur. Allt í einu datt mér í hug að gaman væri að vaða út og sjá hvort ekki væru þar egg. Fór úr sokkunum og hafði annan með mér ef ske kynni að ég þyrfti að hafa hann undir egg? Vatnið var mjög grunnt, tæplega í hné. Ég legg af stað og það kemur einhver styggð að fuglunum og fljúga báðir á loft með miklum buslugangi. Sé nú að þarna er nokkuð stórt hreiður með mikið af eggjum í. Ég tek öll eggin sem mig minnir vera 6 stykki. Það voru mjög stór og falleg, treð þeim nú í sokkinn og veð í land, því ég sá að faðir minn var kominn. Meðan ég var í hólmanum tók ég nú ekkert eftir fuglunum sem nú voru komnir og slógu vængjunum ótt og títt og garga á mig. Ég varð nú hálf hræddur og áður en ég var kominn að landi kallaði faðir minn í mig og sagði mér að snúa strax við með eggin og láta þau á sama stað. Ég þorði ekki annað en hlýða og sneri við. Fuglarnir á fullu þarna á vatninu og stundum hélt ég að þeir myndu bara ráðast á mig, því svo var mikill hamagangurinn í þeim og blásturinn, því þær hvæstu og það var fýla sem kom út úr þeim. Ég setti nú öll eggin aftur á sama stað og óð í land. Þar var faðir minn með stóran staf í hendi sem hann notaði alltaf þegar lömbin voru lítil og hann þurfti að ná þeim til að marka þau. Hann var með stórum boga á endanum til að krækja í litlu lömbin þegar þau fóru að hlaupa. Fuglarnir voru mjög æstir og flugu á loft og komu svo á krafti eins og flugvél yfir okkur og görguðu hátt og mikið. Þessir fuglar eru mjög stórir og geta rotað fullorðinn karlmann bara með einum vængjaslætti. Við flýtum okkur nú heim á leið og fuglarnir fylgdu okkur alla leið niður að hliðinu sem var á girðingunni. En þá sneru þeir við og var ég mikið feginn því ég var orðinn svo mikið hræddur um að þeim tækist að berja okkur. Er við svo komum heim til mömmu og sögðum henni frá þessu, sagði hún bara Guð hjálpi mér! Hvað varst þú eiginlega að gera elsku drengurinn minn! Veistu ekki að þessir fuglar voru þarna að verja börnin sín og hefðu hæglega getað ráðist á þig og gengið hreinlega frá þér.

Hún fór svo að segja okkur sögu af stúlku sem hafði eitt sinn rænt álfarhreiður og fuglarnir ráðist á hana, barið og bitið svo illa í hana að hún dó. Mér var nú ansi brugðið er ég heyrði þetta og hét því þá að aldrei skyldi ég aftur ræna fugla. Og það stóð ég við lengi á eftir og þorði alls ekki upp á mýri því ég hélt að álfirnir myndu þekkja mig og ráðast þá á mig og drepa. Stundum dreymdi mig á eftir þetta að þeir hefðu ráðist á mig og ég vaknaði við það með hljóðum þegar mér fannst þær berja mig mig með vængjunum stóru. Og þessi atburður hafði mikil áhrif á mig lengi á eftir og hefi munað hann alla tíð.”

### **Afdrifaríkur reiðtúr**

Í samantekt sem Sigmundur sendi Hugin Óskarssyni 10.10.06 fer hann yfir dvöl sína í sveit á Sólheimum þar sem hann meiddist og rekur sjúkrahúsvistina á Landspítalanum. Það kemur ekki fram hver sjúkdómsgreiningin var en talið var að vatn hafi komist á milli liða í hnénu og síðan hafi komist í það berklar. Vinstri löppin á Sigmundur hefur ætíð verið styttri en sú hægri síðan en sérsmiðaður hæll undir skónum létti honum síðan gang. Látum Sigmundur hafa orðið og lýsa því hvernig hann upplifði slysið og sjúkrahúsdvölinu.

“Svo var það sumarið 1932, sem ég var sendur í sveit og þá upp í Ytri hrepp að bæ sem heitir Sólheimar. Bóndinn þar hét Brynjólfur Guðmundsson en konan Lína. Man ekkert hvers dóttir hún var. Skömmu eftir að ég var þarna kominn var farið að smala saman öllum kindunum til þess að rýja þær og líka til þess að marka lömbin. Að rýja var það að ullin var klippt af kindunum, en að marka var að það voru skornar rifur í eyrun á litlu lömbunum svo kallarnir þekktu lömbin sín þegar þau stækkuðu. Þetta þótti lömbunum ekki gott og fóru að gráta en það gera þau þegar þau jarma mikið og sárt. Jæja, þegar búíð var að reka allt þetta saman og koma því í réttina komu kallarnir á hestum og konurnar kanski líka, og nú fóru allir að gera eitthvað. Konurnar voru mest í því að klippa kindurnar og urðum við krakkarnir að halda í hornin á kindunum á meðan. Bíddu nú hægur! Það kemur til mín maður og biður mig um að sækja fyrir sig hestinn sinn, sem sé ekki langt í burtu, en hann segir líka um leið. Þú mátt alls

ekki fara á bak honum því þá getur hann hlaupið með þig eitthvað út í buskann. Ég verði bara að teyma hann. Ég fór nú af stað og fann hestinn og var þá alveg búinn að gleyma því hvað kallinn hafði sagt og fór á bak hestinum. En um leið og ég var kominn á bak þá tók hesturinn þennan líka svaka sprett og hljóp niður brekku og þá kastaðist ég langa leið af baki, og hesturinn hélt bara áfram alla leiðina heim til sín. Ég lá nú þarna í sandinum og hafði meitt mig á öxlinni og eitthvað í fætinum. Stóð samt upp og gat labbað heim að réttinni aftur. Þar sem fólkið og kindurnar voru, sagði manningnum sem átti hestinn hvernig farið hefði. Hann varð ekkert vondur, en sagði að ég hefði nú samt átt að gegna sér og fara ekki á bak. Jæja næsta dag var ég orðinn svolítið verri í öxlinni og líka í fætinum en þó ekki mikið. En þetta versnaði svo með hverjum deginum þar til að það kom á bæinn kaupamaður, sem var læknisstúdent og hann sagði að ég ætti strax að fara til læknis. En hingað til hafði það verið talinn óþarfi, þetta myndi lagast. Og það var kanski ekki skrítið á þeim tíma? Ég var svo sendur með mjólkurbíl daginn eftir og lá þar oná ullarböllum ásamt fleira fólki alla leið niður að Selfossi, en svo fékk ég einhvern bíl niður að Eyrarbakka og heim. Mömmu minni brá ansi mikið er ég kom og þá var ég líka kominn með hita. Kallaði hún strax í lækni, sem var Gísli Pétursson og sagði hann strax að ég þyrfti að fara suður til Reykjavíkur og láta skoða mig þar og þangað fór ég daginn eftir.”



Mynd tekin af Sigmundi þegar hann lá á Landspítalanum í þrjú og hálf ár frá 1932.

Í næsta bréfi heldur hann síðan áfram sögunni.

“Það er víst næst að segja þér svolítið af spítalavistinni: Mamma fór með mig á Landsspítalann og ég var settur í aukarúm alveg út við dyrnar á stofu númer 14 og voru þar níu rúm fyrir. Ég man að þegar mamma var búin að kveðja mig þá fór ég að gráta því mér fannst ég vera svo einn og lítill þarna með þessum mönnum er ég þekkti ekki neitt. Ég fékk svo að borða um kvöldið og hjúkrunarkonurnar voru ósköp góðar og reyndu að hugga mig. Daginn eftir komu síðan lækningar og skoðuðu á mér fótinn og sögðu að það þyrfti að taka mynd af honum. Það var farið með mig í myndatöku en þá virtist ekkert vera að sjá eða að fætinum svo ég var nú látinn liggja þarna í eina viku og þá farinn að þekkja nöfnin á köllunum og strákunum sem lágu þarna með mér. Svo er það einn morguninn að lækarnir koma að segja mér að líklega gæti ég fengið að fara heim eftir helgina?? En við ætlum nú samt að taka aðra mynd af fætinum áður en þú ferð. Þá var ég settur á “ambúlans” sem er kerra á hjólum og nú voru það hvít- og bláklæddar er keyrðu mig inn í smá herbergi og ýttu svo á smá takka og þá fór herbergið af stað niður. Þetta var þá lyfta, sem ég hafði aldrei séð fyrr, eftir svolitla stund stoppar herbergið og við þá komin alla leið niður í kjallara. Þar var ég svo lagður á langan járnbekk með laki yfir og látinn liggja þar til að einhver járnplata var látin síga alveg niður að fætinum og ég heyrði einhverja smelli í þessu vélarkrami. Þá var ég aftur settur á ambúlansinn og við fórum aftur í litla herbergið sem lyftist nú upp. Mér þótti þetta heilmikið ferðalag og hafði gaman af. Síðan var ég lagður aftur inn í rúm og mátti ekki fara á fætur. Jæja laxmaður! Daginn eftir kemur svo öll lækna prósesían, fyrst þau systkynin Guðmundur Thoroddsen prófessor og Kristín, sem var forstöðukona spítalans, þau voru í drifhvítum sloppum og hún með blóm í brjóstvasanum og hvíta skuplu eða slör á höfðinu. Bæði voru þau mjög feit og stór. Með þeim var svo Kristinn Björnsson skurðlæknir og Vilborg Ólafsdóttir yfir hjúkrunarkona og svo einir tveir eða þrír kandídatar. Þeir stoppa við rúmið mitt og nú fara þeir að skoða á mér fótinn, láta mig beygja hann og sveigja og spyrja hvort ég finni til er ég geri þetta eða hitt? Ekki man ég til að svo hafi verið. Þeir töluðu bara eitthvert mál, sem var latína er ég skildi ekki neitt og það kom að því að þeir segja mér að því miður yrði ég nú að vera eitthvað lengur hjá þeim á spítalanum því þeir hefðu séð einhvern skugga í mjöðminni og myndu þeir setja mig í gífs til að byrja með og sjá til hvort þetta lagaðist ekki? Ég vissi nú ekkert hvað gífs var, hafði aldrei heyrt það fyrr og því síður að þurfa að fara í eitthvað slíkt. Jæja það var síðan farið með mig fram á skiftistofu sem var mjög stór með allskonar tólum og tækjum. Í stórum bala var búið að hræra saman einhverju hvítu sulli og upp úr því velti svo Kristinn læknir sárabindum, sem hann síðan vafði um fótinn á mér alveg frá ökkla og upp á brjóst. Og það voru tvær hjúkrunarkonur sem létu mig liggja í alveg sömu skorðum á meðan verið var að þessu. Læknirinn var með gúmmívettlinga og síðan strauk hann þetta aftur og fram svo þetta liti sem best út og yrði slétt og fellt. Allt þetta tók langan tíma fannst mér, en það var ekkert sárt. Eftir að þessu var lokið var mér keyrt inni rúm og var vaxdúkur settur í rúmið svo gífsið festist ekki við lakið og nú varð ég að liggja svona rólegur allan daginn meðan þetta var að harðna. Mig fór nú að klæja undir þessum umbúðum en gat ekkert klórað mér, og það var ekki gott.

Jæja daginn eftir komu svo lækarnir og spurðu hvernig mér liði? Ekki man ég nú hverju ég svaraði, en mér leið ekkert vel, hafði sofið heldur illa. Jæja þeir voru nú þarna komnir með klippur, líkastar járnklippum og nú fóru þeir að klippa og snyrta kantana á þessum hólk, sem nú var orðinn grjótharður og meiddi mig hér og þar. Reyndu þeir nú að laga þetta eftir bestu getu og sumstaðar settu þeir bómull svo það særði mig ekki.

Fyrstu dagana leið mér bölvanlega, en svo smá vandist ég þessu og hætti að finna svo mikið fyrir þessu, nema það kom stundum fyrir að mig klæjaði mikið en gat þá ekkert klórað mér og það gat verið ansi óþægilegt. Ég var nú feginn að geta velt mér til í rúminu og halla mér svolítið á aðra hliðina annars var þetta eins og gapastokkur!

Þarna á stofunni voru 3 strákar og lágu allir í gífsi við bakinu og máttu ekkert hreyfa sig utan höfuðið, hendur og fætur. Urðu annars að liggja alveg hreyfingarlausir á bakinu. Þá var ég nú



betur settur að mörgu leyti því ég gat þó velt mér til í rúminu, þó ég ætti nú sem minnst að gera af því.

Ég kom þarna í Júní og varð 10 ára í ágúst. Björn Svanbergsson var 11 ára, Haraldur Sigurliðason (uppeldissonur Silla og Valda), Guðjón M. Sigurðsson 8 ára en hann var nú verst farinn því hann var oft lamaður í fótunum líka. Þá voru þarna 6 kallar og man ég bara hvað þrír hétu, Hjálmar, Sveinn og Vilmundur. Sveinn var illa fótbrottinn sjómaður og búinn að sigla um heimsins höf, áreiðanlega óreglumáður, og hann reykti mikið þó svo það væri alveg bannað og sigarettur voru teknar frá honum ef þær fundust en hann hafði ýmis ráð bæði að ná í þær og fela líka, einhver kallanna sem voru á róli földu þær þá með honum? Hann var í strekk með fótinn. Hann var þannig útbúinn að borað var gat í gegnum beinið fyrir ofan hné og þar settur stálnagli og sitthvoru megin við hann kom svo lykkja sem tengd var snúru er lá uppí gálga við fótagaflinn og í endanum hékk svo sandpoki, sem togaði í þetta allt saman og hélt brotunum réttum. Þetta var gert svo brotin færu færu ekki á víxl meðan þau voru að gróa. Meðan engin heyfing var á sandpokanum þá var allt í lagi, en ef einhver kom við hann þá æpti kallinn og bölvaði í sand og ösku. Stundum kom það fyrir að hjúkrunarkonurnar strukust við pokann meðan verið var að búa um hann og það var sama sagan, kallinn æpti og skammaðist. Á kvöldin eftir að ljós voru slökkt þá átti kallinn það til að segja köllunum sögur af sínu flakki hingað og þangað úti í heimi, frá hafnarknæpunum og lifinu þar og þær sögur voru margar mergjaðar og áttu víst ekki að segjast fyrr en við strákarnir voru sofnaðir, en ég man bara eftir því að við seildumst til þess að halda okkur vakandi fram eftir kvöldum ef kallinn færi nú að segja sögur, sem voru oft virkilega skemmtilegar. Mér hefur oft dottið í hug seinna að hann hafi kannski logið miklu af þessu? En hann stytta mörgum þarna stundir með þessum sögum sínum. Þarna var nú skipt talsvert um mannskap og margur uppskurðar sjúklingur var þarna, en ef þeir urðu mikið veikir voru þeir oft settir á minni stofur og komið með aðra hressari í staðinn.

Við strákarnir gerðum okkur nú ekki alltaf grein fyrir því og vorum með köll og einhver læti þó svo maður gæti nú ekki mikið hreyft sig. Og við heyrðum það stundum að ef þessum látum linnti ekki þá yrðum við bara settir á aðra stofu, en það máttum við ekki hugsa til því þarna líkaði okkur best að vera. Samt fór það nú svo að einn daginn vorum við 3 þeir yngstu færðir á stofu no 4 en Bjössi var skilinn eftir. Og það er í eina skiptið á minni æfi sem ég hefi farið í verkfall. Við neituðum að borða ef Bjössi yrði ekki líka settur inn til okkar og það varð. Hann varð foxillur og vondur út í okkur því hann vildi heldur vera með köllunum. Okkur leiddist nú mikið til að byrja með en svo lagaðist það og við hefðum aldrei viljað skipta aftur.

Nú kom að því að stjórn spítalans sá að við svona mátti ekki lengur una og við yrðum víst að fá einhverja kennslu því þarna vissu þeir að við yrðum þarna sumir hverjir einhver árin? Það var fengin kennslukona til þess að kenna okkur lestur, skrift og reikning, Íslandssögu og landafræði að ógleymdum biblíusögnum. Þessi kona hér Margrét mig minnir Kristjánsdóttir. Við vorum nú allir sæmilega læsir nema þá helst Gaui, sem hafði átt við mikil veikindi að stríða í gegnum árin. Þarna vorum við frjálsir og gátum rifist og skammast eftir vild en það kom nú oft fyrir einkum þegar við vorum að tefla. En við höfðum líka verið að tefla á stofu 14 og trúlega hefur það verið sá hávaði og ófriður sem gerði mönnum erfiðast fyrir. Við vorum með sitthvort taflborðið og mennina ofan á maganum og síðan voru leikirnir kallaðir á mill. Stundum misheyrðust leikir og þegar það kom svo í ljós seinna og maður var kannski orðinn mát þá lenti allt í vitleysu.

Þarna lærði ég að tefla og það var ekkert slegið af því þetta var eini leikurinn sem við gátum með góðu móti iðkað, og það voru margir dagarnir sem við bara tefldum, einkum seinni tímabilið á spítalanum hjá mér sem varð 3 og hálf ár en hinir láu allir talsvert lengur nema Halli hann losnaði miklu fyrr. Og láum við síðan 3 lengst saman. Við fengum fyrst áhuga fyrir skákinni þegar kallarnir á 14 voru að tefla.

Einusinni vorum við Gaui að tefla og urðum illir svo að við fórum að henda taflmönnunum hvor í annan og síðan öllu sem hönd á festi bolla og hlandglasinu að síðustu henti ég gaflinum

af öllu afli í hann en hann var svo snöggur að ná í lúdóspjald og bar það fyrir kinnina en gaffalinn fór í gegnum spjaldið og gegnum kinnina á honum, og hann rak upp þetta skaðræðis öskur svo hjúkrunarkonurnar hópuðust inn. Það var sett einhver kompressa við kinnina og síðan var kallað á Frk Kristínu Tóroddsen og kom hún og skammaði mig og okkur báða og sagði: Ef slíkt kemur fyrir aftur þá er aðeins eitt ráð eftir og það er að flytja ykkur á Landakot. En að fara þangað var einsog að setja mann í Síberíuvist og þangað langaði okkur ekki. Nú ríkti friður um sinn en engin sérstakur vinskapur þó lagaðist þetta og gleymdist og við Gaui urðum alltaf vinir. En ég man hvað ég varð hræddur og leiður fyrst á eftir, einkum þegar Mamma Gaua og hans fólk kom í heimsókn. En Gaui var sá okkar þriggja sem átti heima í Reykjavík og fékk flestar heimsóknirnar næstum því á hverjum einasta degi einhver, en við Bjössi ekki nema bara einstöku sinnum. Pabbi kom þegar hann var á leið til Siglufjarðar á vorin og er hann kom heim á haustin, og mamma bara einu sinni á ári. Það voru engir peningar fyrir fargjaldi...

Man líka eftir því þegar jólatrésbrunnin mikli var í Keflavík 1932 eða 34? Þeirri nótt gleymi ég seint því það var komið með margt af börnum og fólki til aðgerðar á spítalann. Og maður heyrði hljóðin og veinin í því frammi á ganginum þar sem það beið eftir því að hægt væri að gera því eitthvað til góða. Við vögnuðum allir og vissum nú ekki fyrst hvað hefði skeð og vorum mikið hræddir og áttum bággt með að sofna aftur ef það hefur þá nokkuð verið? Mig minnir að 9 börn hefðu brunnið inni í þessu samkomuhúsi, þetta var ömurlegt slys og mikið um talað vegna þess að dyrnar höfðu víst lokast og erfitt að komast út bakdyramegin.”

## **Upphaf kúabúskapar í Smiðshúsum**

Í bréfi til fjölskyldunnar í Otráþorpi dagsettu 29.01.06 segir Sigmundur skemmtilega frá upphafi kúabúskapar í Smiðshúsum 1931.

Á kyrrum haustdegi héldu þeir feðgar af stað austur að Borg sem var um klukkutíma gangur. Þar samdist um að Andrés faðir hans fengi unga kýr til leigu yfir veturinn og átti hann svo að skila henni að vori. Kýrin var skýrð Lukka og gaf hún fólkinu á Smiðshúsum mikla og góða næringu með mjólkinni sinni um veturinn. Sigmundur man að mamma hans tárfeildi þegar Lukka var leidd í burtu næsta vor en þær höfðu tekið ástfóstri hvor við aðra. Feðgarnir höfðu farið í betri fót til að skila Lukku en kýrin var treg í taumi og varð að reka á eftir henni með bandspotta. Þeir komust með hana í fjósið á Borg en ekki virtist hún kunna vel við sig og baulaði mikið. Það verður síðan úr í þessari ferð að Andrés semur við Þorleif á Borg að hann kaupir Lukku. Og það þurfti víst ekki að reka á eftir henni á heimleiðinni en Andrés þurfti að halda aftur af henni.

“Báðir ánægðir með þessi úrslit að fá Lukku aftur heim í Smiðshús því dropinn sem hún hafði gefið okkur um veturinn var okkur öllum sem sólargeisli á fábrotu og frekar litlu fæði. Þegar við erum svo komnir vestur undir réttina þá sleppir pabbi kúnni og hún tekur strikið vestur allan stíg langt á undan okkur og stansar ekki fyrr en heima á hlaði í Smiðshúsum og er við komum í hlað þá eru þær mamma og Lukka að gæla hvor við aðra. Mamma spyr hvort við hefðum misst kúna út úr höndunum á okkur eða hvort hún væri að strjúka? En er hún heyrði að við værum búnir að kaupa hana, þá viknaði hún og vafði höndunum um hálsinn á kusu og varð hrærd af gleði, og bauð hana velkomna, og auðséð var að báðar nutu þess að fá að vera áfram saman.

Þetta var upphafið af kúabúskap í Smiðshúsum. Mig minnir að 8 kýr hefðu orðið flestar auk kálfa, en þá var líka búið að rækta heilmikið tún upp með Háeyrarveginum, og seinna eignuðust þau Simbakotstúnið. Jón Gunnlaugsson sonur Þuru systir var mikið í Smiðshúsum sem drengur og sagðist vera fyrsti kúarektor þar og hann sagði að kýrnar hefðu flestar orðið 10 1967.”

## 2.kafli. Sigmundur fer til Vestmannaeyja og kynnist Dóru Hönnu

Eftirfarandi lýsing er tekin úr brúðkaupsræðu sem Sigmundur flutti í brúðkaupi höfundar og Oddnýjar Huginsdóttur en þar lýsir hann vel komu sinni til Vestmannaeyja og fyrstu kynnum sínum af Dóru Hönnu.

Áður en Sigmundur hélt til Vestmannaeyja hafði hann unnið í þrjú og hálf ár í bakaríinu á Eyrarbakka hjá Lárusi. Þar áður hafði hann unnið sem verkamaður og verið til sjós.

“Ég kom hér til Vestmannaeyja hinn 9unda Janúar 1946 klukkan 8 að morgni, með M/S Laxfossi í hinu fegursta veðri. Nærri alveg logn og hiti um frostmark, örflítill snjór á fjöllum og í hlíðum. Tildrögin að komu minni hingað voru þau, að ég var að læra til brauðgerðar hjá Lárusi Lars Andersen bakameistara á Eyrarbakka. Lárus hafði verið einn vetur í bakaríinu hjá Magnúsi Bergssyni bakameistara og fallið vistin vel og margt að læra og sjá, því þetta var stórt og vandað bakarí. Á Eyrarbakka var allt minna og smærra í sniðum, enda það bakarí eitt af elstu bakaríum landsins stofnað 1884 og var á sínum tíma frægt fyrir sín góðu rúgbrauð um aldamótin. Nú hafði samist svo hjá okkur Lárusi að hann kæmi mér í læri hjá Magnúsi og myndi ég vinna þar síðasta hálfu námsárið mitt og tæki þar próf. Þar ætti ég að geta lært það sem til þurfti að verða frambærilegur sveinn að námi loknu.

Er ég nú þennan morgun, eftir tilvísun gekk upp að Hótel Berg, en þar bjó Magnús og var bakaríið í kjallaranum. Það var líka Hótel. Ég barði nú að dyrum og til dyra kom ung falleg og fönguleg stúlka. Ég bauð góðan dag og spurði eftir Magnúsi. Hún segir hann vera við, en spyr um leið: Ert þú maðurinn sem átt að byggja ofninn? Ég neita því en segist vera lærlingurinn frá Eyrarbakka, sem á að ljúka námi hér í bakaríinu. En þannig var mál með vexti að von var á manni til þess að byggja nýjan bakaraofn. En þessi stúlka var Dóra Hanna Magnúsdóttir, og hafði heyrt að von væri á manni til þess að byggja ofn, en ekki heyrt á það minnst að von væri á einhverjum lærlings peyja utan frá Eyrarbakka í bakaríið. En það kom líka annað á daginn. Þar sem ég hafði heldur ekki lokið námi að fullu í Iðnskóla þá varð ég að fara strax í skólann hér, sem var kvöldskóli. Ég hafði nú ekkert lært í bókfærslu. Ég fór nú í skólann og Halldór Guðjónsson skólastjóri benti mér strax á að ég þyrfti að fá tilsögn í henni svo ég gæti fylgst með, og sagði mér að ég skyldi reyna að tala við Sigurjón nokkurn Kristinsson í Hvíld því hann hefði nýlokið námi við Verslunarskóla Íslands. Hann ynni við að hreinsa föt í fyrirtæki síni við Skólaveg og hétu Straumur. Ég fór þangað og tók Sigurjón mér vel en sagðist bara hafa svo mikið að gera að hann hefði engan tíma aflögu. En hann benti mér á að dóttir Magnúsar hefði líka verið í Verslunarskólanum og það ættu að vera hæg heimatökin ef hún fengist til þess? Ég fer nú heim á Hótel Berg þar sem ég hafði bæði fæði og húsnæði. Talaði við sömu stúlkuna sem hafði tekið á móti mér og sagði henni mín vandræði. Hún tók nú heldur dræmt í það en sagðist þó skyldi aðstoða mig eftir því sem hún hefði vit á. Sú kennsla og aðstoð er ég fékk þarna hjá þessari ungu og myndarlegu heimasætu mína fyrstu daga hér í Eyjum hafa mér og okkur báðum dugað vel fram að þessu. Ég verð þó að viðurkenna það að ég hafði ekki haft mikinn áhuga á bókfærslu þar til nú, að það snarbreyttist því þetta urðu einhverjir skemmtilegustu tímar, sem ég hef nokkurntíma haft í bókfærslu og tímarnir oft ansi fljótir að líða, og enginn námsleiði, aðeins tilhlökkun til þess næsta. Og þeir urðu upphafið að okkar hjónabandi sem hefur nú vel dugað fram á daginn í dag. En er ég fer nú að hugsa til þeirra þá minnir mig nú samt að það hafi ekki alltaf verið að tala um debit og kredit. Það var stundum aukaatriði. En ég stóðst prófið í skólanum með þryði og átti hún sinn stóra þátt í því. Við giftum okkur svo 2 október 1947.”



Fjölskyldumynd af Sigmundi, Dóru Hönnu, Dóru Bergs, Bergi Magnúsi, Andrésí og Óskari.

### **60 ára brúðkaupsafmæli 2. október 2007**

Undirritaður hefur ekki séð miklar heimildir frá brúðkaupi þeirra hjóna 2. október 1947 en því verður vonandi hægt að gera betri skil síðar. Myndir af brúðkaupinu hafa ekki fundist.

Í brúðkaupi hjá Sturlu Bergssyni og Sveinbjörgu segir Sigmundur eftirfarandi í ræðu sinni:

“Þegar ég giftist henni Bíbí minni fyrir nærri 60 árum þá var ekki einn einasti maður af minni ætt viðstaddur það brúðkaup. Ég var þá lítið farinn að kynna fólki sem mér fannst við hæfi að bjóða. Ég þekkti þá ekki neitt af þessu góða fólki sem þarna voru, en urðu seinna mínir bestu vinir og kunningjar. En ég var svolítið sár inni mér en lét ekki á neinu bera. Svona er nú lífið stundum og fátt við því að gera.”

### **Samrýmd hjón**

Hjónaband Sigmundar og Dóru Hönnu hefur verið farsælt og yndislegt að upplifa hvernig samband þeirra og vinátta hefur styrkst í gegnum árin. Þau eru samrýmd hjón og miklir vinir sem hafa stutt dyggilega við bakið á hvort öðru í gegnum tíðina.



Sigmundur og Dóra Hanna á góðri stund.

## Sveinspróf

Einkunnir Sigmundar í bóklegu í Iðnskólanum voru eftirfarandi: Íslenska 7, Danska 6,6, reikningur 6,5, eðlis- og efnafræði 6,75, bókfærsla 8,7 “..það var besta útkoman enda kennarinn frábær!! Aðaleinkunn 7,11 og ástundun 8,5. Ég var vel yfir miðju og ánægður með það. Svo tók ég bakaraprófið í Kallabakaríi ásamt Óla Beyk, en þar hafði ég aldrei komið innfyrr fyrir dyr áður. En Kalli hafði alveg neitað að láta Óla taka próf í Magnúsarbakaríi þótt það væri miklu stærra og með meiri vélum svo ég sagði bara allt í lagi. Og gekk það vel. Fyrir verkið fékk ég 8. Munnlegt 9. Vinnuhraða 10. Og var þetta 15 maí 1946. En Magnús lét ekki sjá sig hjá Kalla, og Kalli ekki heldur um kvöldið er við héldum smá samsæti með prófdómurum og Magnúsi á Hótel Berg. Kalli varð illur útaf því að ég hafði svarað einni spurningu meira en Óli. En við vorum að mig minnir jafnir að öðru leiti og alltaf haldið kunningsskap síðan og hann komið til Eyja á hverju sumri í tugi ára og heimsótt mig í Spörvaskjólíð. En hann dó núna í haust. Svona var nú það:

Þá var í Magnúsarbakaríi bakari sem Guðni hét Kristjánsson og hafði verið í Danmörku eitt ár að fullkomna sig í kökugerð og skreytingum. Hann var byrjaður að byggja bakarí upp á Akranesi og hann reyndi mikið til þess að fá sig með sér þangað í vinnu um vorið, og sagðist kenna mér skreytingu og það sem hann kynni ef ég kæmi til hans. Og ég hefði áreiðanlega farið með honum uppeftir, ef amma ykkar hefði ekki verið búin að kenna mér bókfærsluna. Þarna er önnur tilviljunin í mínu lífi. Með mér í bakaríinu þennan fyrsta vetur var færeyingur sem hét Jarl Heinesen mjög góður náungi og gott að vera með, og á þessum árum var mikið um að færeyskar skútur kæmu hér inn bæði að taka hér fisk og svo lágu þær bara inni yfir helgina því þeir settu aldrei færi út á sunnudögum, hann var þeim heilagur. En sumir sem komu að heimsækja jarlinn voru léttir og skemmtilegir strákar sem sungu mikið ef eitthvað var að drekka og hafði ég mjög gaman af að vera með þeim. Um sumarið voru 3 færeyingar með á bekkjabílum og sólin skein og allir glaðir og sungu mikið, og var fullt af stelpum og öðru fólki með. En þegar við fórum að syngja á færeysku, þá ruku stelpurnar upp og sögðu. Ó guð, eintómir færeyingar!!!”

Bréf til fjölskyldunnar í Otrabörpi “12 nóv. 2006. Suðaustan rok og rigning en 10° hiti.”

Í öðru bréfi dagsettu 18.05.95 kemur fram að fyrrnefndur Óli Beyk hefði sagt Dodda sameiginlegum vini þeirra að prófdómarar þeirra Sigmundar og Óla hefðu sagt að því miður mættu þeir ekki gefa herra en 10 í vinnuhraða, en að þeir hefðu báðir átt miklu meira skilið. Þeir sem þekktu til Sigmundar og unnu með honum geta eflaust allir staðfest að það var aldrei verið að dútla við hlutina.



Sigmundur með myndarlega kransaköku. Tekið á Heimagötu 4.

## Simmi bakari

Sigmundur og Dóra Hanna kaupa Tungu (Heimagötu 4) og Magnúsarbakari af Magnúsi Bergssyni föður Dóru Hönnu fyrsta janúar 1957. Kaupverðið var ein milljón og þrjú hundruð þúsund krónur. Þá hafði Magnús starfað við brauðgerð samfelld frá 1914 eða í meira en 42 ár og þar af rekið bakari um 34 ára skeið.

Sigmundur rak bakarið við góðan orðstír til ársins 1979 eða í 22 ár. Þá taldi Sigmundur rétt að gefa sonum sínum tækifæri, leigði þeim Magnúsarbakari og dró sig til baka 57 ára að aldri. Þar með lauk 33 ára samfelldum bakstri hans í Vestmannaeyjum og tæplega 37 ára samfelldum bakstri. Synir hans Andrés og Bergur tóku þá við rekstrinum og ráku þeir Magnúsarbakari saman til ársins 1983. Frá 1983 rak Andrés Magnúsarbakari einn þar til rekstri var hætt árið 2005. Nú er rekin verslun þar sem bakarið var áður.

Öll börn Sigmundar og Dóru Hönnu unnu í Magnúsarbakari um skemmri eða lengri tíma.



Sigmundur með Halldóri Davíð (Dadda bakara) sem hann vann hvað lengst með, Heiðmundi Sigurmundssyni og dóttur sinni Dóru Bergs Sigmundsdóttur lengst til hægri.



1983 voru liðin 60 ár frá því Magnúsarbakari var stofnað. Verðið var það sama og 60 árum áður. Bæjarbúar þyrptust að til að fá sér brauð á útsöluverði.

## “Bíbí bakari” – Þáttur Dóru Hönnu

Þáttur Dóru Hönnu í rekstrinum á Magnúsarbakaríi verður sennilega seint ofmetinn. Hún var dugnaðarforkur sem dreif sitt fólk áfram. Hún sá ekki einungis um að pantanir voru afgreiddar á rétta staði og á réttum tíma heldur hafði yfirumsjón með pökkun á brauðum, áfyllingu í búðina ofl. ofl. Einu hlutverki sinnti hún sem þætti sérstakt í dag en það er að hún smurði brauð á hverjum morgni fyrir bakarana. Það var smurt brauð með roast beef og remúlaði, brauð með steiktum eggjum, rauðbeðum, síld og allskyns fínu áleggi. Hún tók hlé á sinni vinnu í bakaríinu og hljóp upp á efri hæð til að smyrja ofan í karlana. Á sama tíma vakti hún yngsta soninn og gerði hann tilbúinn í skólann. Þá var farið aftur niður með lostætið fyrir bakarana og hún hélt áfram sinni vinnu í bakaríinu. Það var engin pása fyrir Dóru Hönnu og enginn sem smurði ofan í hana. Sigmundur var heppinn að hafa Bíbí við hlið sér. Þau hafa ætíð staðið við bakið á hvort öðru og verið flott teymi.

Allir þeir bakarar sem höfundur hefur rætt við í gegnum tíðina minnst á smurða brauðið frá Bíbí og þessar sérstöku veitingar sem þeir fengu – þær fengu þeir bara hjá Bíbí í Magnúsarbakaríi.

Höfundur gleymir seint þegar móðir hans var eitt sinn að fara með hann upp á loft en það var talað um að fara upp á loft úr bakaríinu og upp í íbúðarhúsnæðið sem var á efri hæðinni. Það var um vetur og þungur snjór yfir öllu. Bíbí var í vinnusloppnum, inniskóm og með fangið fullt af tónum bökkum undir smurða brauðið. Hún tók í buxnastrenginn hjá drengnum og fleygði honum á undan sér tvo til þrjá metra og stíkaði síðan á eftir honum í snjónum. Hún gat ekki haldið bæði á stráknum og bökkunum og hann var of lítill til að klofa snjóskaflana. Því þurfti hún að fleygja stráknum í snjóinn á undan sér þar til heim var komið. Ungum piltinum fannst þetta vera afskaplega gaman og fannst flugferðirnar skemmtilegar.



Dóra Hanna og Sigmundur ásamt Bergi, Vilborgu, Ívari Erni og starfsfólki.



**Dankersen „tekið í bakarið‘ í Eyjum.** Stolt hjón með heimsókn frá Þýskalandi. Dóra Hanna stendur við bakið á sínum manni eins og svo oft áður.

### **Bakaraætt**

Jóhann Reyndal kjörfaðir Halldóru Valdimarsdóttur, móðir Dóru Hönnu var bakari sem og faðir hennar Magnús. Sigmundur og tveir sonar hans Bergur og Andrés eru einnig báðir bakarar sem og þeirra synir, Sturla og Ívar Örn Bergssynir og Sigurjón Andrésson. Ívar Örn er sá eini af þeim sem er enn starfandi sem bakari. Andrés er enn starfandi bakari í Reykjavík en Bergur rekur og á bakarið Vilberg Kökukhús. Bergur rak bakari á Selfossi um tíma en hann starfaði sem bakari á Ísafirði í gosinu og Andrés var á Selfossi hjá KÁ í gosinu. Andrés starfaði einnig sem bakari á Akureyri um tíma. Nú síðast var Andrés hjá Bernhöftsbakarí en Sigurður Bergsson bróðir Magnúsar, rak lengi Bernhöftsbakarí og Sigurður Guðjónsson dóttursonur hans rekur nú Bernhöftsbakarí.

Óskar Bergsson bróðir Magnúsar starfaði einnig um tíma í Bernhöftsbakarí en hann var lengst af á farskipum um heimsins höf. Höfundur var einmitt skírður í höfuðið á fyrrnefndum Óskari Bergssyni. Foreldrarnir voru búin að ákveða nafnið Birtingur en það var einhver fluga sem Sigmundur fékk í höfuðið að yngsti sonurinn ætti að heita þessu frumlega nafni. Hvort áhuginn á nafninu hafi tengst Birtingi Voltaire er ekki vitað.

„Nóvellan Birtingur, eða Candide, ou l'Optimisme eins og hún nefnist á frummálinu, er frönsk satíra (háðsádeila) rituð árið 1759 af Voltaire, kunnum rithöfund og heimspekingi frá dögum Upplýsingarinnar. Voltaire var bæði skáld og fræðimaður, og ritaði um allt milli heims og geims. Hann barðist ötullega gegn harðstjórn, hjátrú, stjórnarkreddum og bábiljum, og mörg verka hans voru rituð í hugmyndafræðilegum tilgangi. Fá rit hans hafa haldið nafni hans jafn kröftuglega á lofti og Birtingur, sem skrifuð var sem andsvar við löghyggju 18. aldar og einkum bjartsýnisheimspeki manna á borð við hinn þýska heimspeking Gottfried Wilhelm Leibniz og því hlutleysi sem slík heimspeki fól í sér. Samkvæmt henni er skynsamleg regla á sköpunarverkinu og vel það, því að guð hlýtur að hafa skapað hinn besta mögulega heim allra hugsanlegra heima, jafnvel þó svo að íbúar þessa heims komi ekki endilega alltaf auga á það. Eða eins og Altúnga, lærimeistari Birtings og ötull fylgismaður þessara kenninga, segir í upphafi verksins: „Maður á að segja að allt sé í allra besta lagi.“ Birtingur er samfelld háðsádeila á þessa skoðun, þar sem prófessor Altúnga er látinn þylja heimspeki Leibniz í augljósri skopstælingu, þar á meðal frumsetningu hans um hina einhlítu ástæðu, það er að



segja að hver hlutur sé til af skynsamlegri ástæðu þar sem að sérhverjum sannindum hnígi skynsamleg rök. Halldór Laxness íslenskaði Birtíng og kom þýðing hans fyrst út árið 1945..“.  
Heimild: [www.wikipedia.is](http://www.wikipedia.is)

Höfundur er örlögunum afskaplega þakklátur fyrir það að móðir hans uppgötvaði það að hann og Óskar frændi á Bókhöfundistíngnum eiga sama afmælisdag og því var honum gefið nafnið Óskar.

Björgvin Friðriksson, maður Mettu systur Magnúsar, var líka bakari en hann stjórnaði lengi Rúgbrauðsgerðinni. Í fórum Sigmundar er mikinn fróðleik og heimildir um bakstur og bakara að finna. Hann hefur tekið saman mikinn fróðleik um sögu brauðgerðar í Vestmannaeyjum sem var birt í Eyjaskinnu 1983, 2.rit. Hér verður því ekki farið nánar út í þá sálma þeim sem hafa áhuga þeirri sögu bent á að lesa þá grein.



### **Eldgos á Heimaey 1973 - Nýtt bakarí opnað á Eyrarbakka**

Magnúsarbakarí var stofnað 23.01.1923 en gosið á Heimaey braust út á 50 ára afmælisdegi þess. Búið var að ræða ýmislegt sem gera átti í tilefni dagsins en eins og Sigmundur segir svo frá í sögu brauðgerðar í Vestmannaeyjum á blaðsíðu 55 og 56:

“En það var svo furðulegt að ekkert hafði verið framkvæmt af þessum áformum. Það var þó ekki okkar vani að framkvæma ekki það sem áður hafði verið ákveðið. Hvers vegna var þetta svona núna?

Eins og hjá flestum var það mikið og erfitt verk að kom öllu okkar dóti, bæði stóru og smáu, vélum, ofnum og öllum vörubirgðum upp á fastalandið. En þetta tókst með hjálp frá ýmsum bæði skyldum og vandalausum, sem seint verður þakkað að fullu. Vinur okkar Baldur Karlsson frá Þorlákshöfn sem giftur er dóttur föðursystur minnar, var á netaveiðum hér við Eyjar á bát sínum “Gissur ÁR 6”. Hann kom hér í nokkur skipti og flutti megnið af okkar dóti til Þorlákshafnar, en þaðan var því svo ekið austur á Eyrarbakka.”

Á meðan á gosinu á Heimaey stóð voru Sigmundur og Dóra Hanna með bakarí starfandi á Eyrarbakka. Þau höfðu skömmu áður keypt Litlu Háeyri á Eyrarbakka fæðingarstað föður hans og höfðu ætlað sér að nota það sem sumarbústað. Þangað flutti fjölskyldan meðan á gosinu stóð. Lítið pláss var fyrir vélar og tæki og kom hann fyrir aðeins litlum hluta af því sem var í Vestmannaeyjum. Bakaríið á Eyrarbakka var á jarðhæð í húsinu Skjaldbreið og unnu þau hjónin tvö þar í sjö mánuði. Eyrbekkingar tóku nýja bakaríinu vel. Þetta var eina bakaríið í þorpinu og var því söknuður í hugum þeirra þegar fjölskyldan ákvað að snúa aftur til Vestmannaeyja eftir að gosi lauk.

Ólafur H. Jónsson segir eftirfarandi frá.

„Ég gleymi því aldrei þegar allt skyldfólkið á meginlandinu var kallað út til að fara til Eyja 1973 í gosinu að hjálpa Sigmundi bakara við það að flytja bakaríið upp á meginlandið. Ég fór með pabba frá Þorlákshöfn að kvöldi til, í mikilli undiröldu (sá gamli, sjómaðurinn sjálfur varð sjóveikur en ég fann ekki fyrir neinu) og það að koma að Eyjunum og inn í höfnina var alveg hrikalegt og ekki í raun hægt að lýsa hvað fyrir augun bar. Gosið í miklum ham og mikil aska á húspökum og í raun var þetta eins og óraunverulegur draumur. Gat þetta verið að gerast? Við vorum ekki lengi ættingjarnir að fjarlægja allt það sem fjarlægja þurfti því margar voru hendurnar. Eftir á að hyggja hljóta þessar vikur og árin á eftir hafa haft mikil áhrif á alla sem þarna bjuggu og urðu að yfirgefa sitt heimili, annað væri ekki hægt. En auðvitað fór Sigmundur bakari, Dóra og fjölskylda til baka, annað var ekki í spilunum.

Skilaðu kæru þakklæti til bakarans fyrir það hversu myndarlega hann tók á móti þýska handboltaliðinu Grün Weiss Dankersen (nú Minden) sem ég spilaði með í Bundesligunni, líklega um 20 manns til Eyja 18.október 1976. Bakarinn upp á sitt besta bauð upp á „heitar vínarbrauðslengjur,, í metravís! Og þjóðverjarnir máttu borða eins og þeir vildu, þú ættir nú að þekkja hvernig það er ef Þjóðverjar fá eitthvað frítt. Ég á blaðagrein um heimsókina til Eyja úr Vísi: Dankersen „tekið í bakaríið“ í Eyjum. Það stendur líka: „héldu íþróttamennirnir til Sigmundar Andréssonar, en hann á eitt fullkomnasta og snyrtilegasta bakaríið á landinu.“! Flott umsögn og hárrétt. Menn höfðu á orði að sjaldan hafi verið eins gott að láta taka sig í bakaríið eins og þá!. Það stendur undir einni myndinni, sem er af Sigmundi og leikmönnum: „Sigmundur Andrésson, bakari segir brandara á þýzku, en hann á ekki í vandræðum með að láta þá fjúka, hvort sem það er á íslensku eða þýzku.“ Er þetta loft úr Reykjahlíðarættinni eða af Bakkanum? Allir dásömuðu veitingarnar og minntust þeirra margoft þegar rætt var um Íslandsferðina. Þökk til Sigmundar bakara og fjölskyldu.“



Sigmundur að ræða við þýska handboltakappa úr liðinu Dankersen (nú Minden) frá Þýskalandi. Bróðursonur Sigmundar Ólafur H. Jónsson einn af þekktari handboltamönnum Íslands spilaði með liðinu 1976 og kom liðið í heimsókn til Vestmannaeyja það ár. Í Vísi var þessi fyrrsögn: „Sigmundur Andrésson, bakari segir brandara á þýzku, en hann á ekki í vandræðum með að láta þá fjúka, hvort sem það er á íslensku eða þýzku“

## Uppbygging eftir gosið á Heimaey - Vinnuæði

Fjölskyldan flutti aftur heim til Vestmannaeyja í byrjun september 1973 og bakaríið var opnað þann 16. október 1973. Fjölskyldan var með þeim fyrstu sem fluttu aftur og þurftu þau að grafa sig inn í húsið á Vestmannabraut 37 og fara inn um eldhúsgluggann. Það var ævintýri fyrir alla sem tóku þátt í uppbyggingunni eftir gosið en á sama tíma mikil vinna. Það létu Sigmundur og Dóra hanna ekki aftra sér við að byggja aftur upp reksturinn í Vestmannaeyjum eftir ófarirnar.

Sigmundur segir svo frá í samantekt sinni í Eyjaskinnu um sögu brauðgerðar í Vestmannaeyjum.

“Ég held að allir hafi verið fegnir þegar fyrstu brauðin komu, og það varð strax mjög mikið að gera. Og það var ekki lítill vandi fyrstu árin að sjá svona ótryggum markaði fyrir nægilegum brauðmat. En þá á ég aðallega við skipa og bátaverslunina eins og hún var þá, og þegar loðnan var loðna! Það var ekki ósjaldan að höfnin bókstaflega fylltist af skipum drekkhlöðnum af þessu djúpsjávargulli. Og þá varð maður að geta séð þessum flota fyrir nægjanlegu brauði og kökum, ekki var heldur verið að spara kaupin á slíku þessa dagana. Við urðum að reyna að reikna það út eftir bestu getu hverju sinni, hvort mörg skip væru nú væntanleg inn, þennan og þennan daginn? Og um leið varð maður helst að vita það nokkurn veginn hvar þessi skip hefðu lagt upp í seinasta túr. Ef skip hafði lagt upp þar sem ekki var bakarí, þá mátti bóka að það tók meira af brauðum, heldur en ef það kom frá stað þar sem bakarí var. Allt þetta varð maður að reyna að kynna sér eins og tók voru á, og haga svo bakstrinum eftir því. Það kom líka fyrir að bókstaflega allt seldist upp sem búið var að baka, og þá var það ekki ósvipað með okkur í bakaríinu, að maður komst í virkilegt veiðiskap eins og sjómennirnir þegar best veiðist. En það kom líka fyrir að við vorum búnir að búa okkur undir stórátök og mikla sölu. En þá hafði loðnuskrattinn einmitt þurft að færa sig til, eða þá að það brældi og enginn fékk bein úr sjó. Maður sat þá eftir með sveittan skallann og sárt ennið og einhver ósköp af brauðum og kökum. Það má segja að þessi fyrstu ár eftir gos hafi einkennst af nokkurskonar vinnuæði.”



Gjörrið svo vel. Þjóðverjarnir slógu ekki hendinni á móti fríu vínarbrauði í metrávís. Í blaðagrein um heimsókina til Eyja úr Vísi stendur: Dankersen „tekið í bakaríið“ í Eyjum. Það stendur líka: „héldu íþróttamennirnir til Sigmundar Andréssonar, en hann á eitt fullkomnasta og snyrtilegasta bakaríið á landinu.“!

## Opnun bakariisins eftir gos

Í gosinu var útvarpið með mjög vinsæla þætti fyrir Eyjafólk sem þeir bræður Gísli og Arnþór Helgasynir stjórnðu og nefndu Eyjapistil. Ýmislegt var látið flakka að hætti Eyjamanna. Eftirfarandi kom m.a fram í upprifjun þeirra á þáttunum.

"Þetta fór að vonum mjög fyrir brjóstið á yfirstjórn útvarps. Við vorum þekktir fyrir að láta flest vaða og tókum ekkert eða lítið tillit til þeirra reglna, sem giltu hjá útvarpinu um orðsins list, enda álitum við Eyjapistil útvarp Vestmannaeyinga.

Þannig rak Sigmund bakara í Magnúsarbakaríi í rogastans, þegar hann hringdi í Auglýsingadeild útvarpsins og vildi fá birta eftirfarandi auglýsingu:

„Frá Magnúsarbakaríi Vestmannaeyjum: Opnum eftir mikla hreinsun á vikri og skít. Magnúsarbakarí.“ Auglýsingadeildin vildi ekki birta þetta orðrétt og Simmi hringdi bálvondur í Arnþór og kvartaði. Að sjálfsgöðu birti Arnþór auglýsinguna orðréttá."

## Skattakóngur Vestmannaeyja

Reksturinn á Magnúsarbakaríi undir stjórn Sigmundar var ætíð til fyrirmyndar. Afkoman góð og framleiðslunni vel tekið af bæjarbúum. Það var lagður mikill metnaður í allt sem gert var og allir lögðu sitt af mörkum. Sagt var að fraktskip hefðu frekar tekið brauðkostinn sinn í Vestmannaeyjum en í Reykjavík. Gæðin hafi verið til fyrirmyndar í Magnúsarbakaríi og hvergi til sparað. Reynir bakari í Kópavoginum lærði hjá Sigmundi en hann er í dag með athafnamikið bakari á höfuðborgarsvæðinu. Einn af viðmælandum höfundar sagði að það væri eitthvað gott "Vestmannaeyjabragð" af bakkelsinu hjá Reyni.

Það þurfti að greiða skatta af góðri afkomu og var Sigmundur árið 1977 hæsti skattgreiðandinn í Vestmannaeyjum og krýndur "Skattakóngur Vestmannaeyja". Tekin var mynd af honum við hrærivélina með eftirfarandi texta. "Skattakóngur Vestmannaeyja hærir í þjóðarkökunni. Mettar fimm þúsund manns með brauði. "

Það er líklegt að hann hafi verið stoltur af þessum titli því honum fannst meira en sanngjarnt að borga sinn skerf til samfélagsins og gerði ekki margar ráðstafanir til að þær greiðslur yrðu sem minnstar. Það var ekki hans stíll.

Það blunduðu ansi lengi í Sigmundi hugmyndir um aðra og meiri starfsemi en á endanum héldu þau hjónin fókus og einbeittu sér að rekstrinum á Magnúsarbakaríi.

## Jólaþakka með mikið af rúsínum

Þótt Sigmundur hefði hætt að baka þá hélt hann samt áfram smá bakstri sér til skemmtunar á heimili sínu en Jólaþakka hans er orðin víðfræg og margir sem hafa fengið að smakka hana. Uppskriftinni heldur hann ennþá leyndri.



„Skattakóngur hrærir í þjóðarkökunni. Mettar fimm þúsund manns með brauði.“

### **Sérvitringur**

Sigmundur þótti stundum sérvitur og fór ætíð eftir eigin smekk og rökhyggju og lét engan segja sér hvað eða hverskonar tól og tæki skyldu keypt í bakaríið. Hann segist aðallega hafa valið það sem hann hafði lesið sig til um í dönskum bakarablöðum og það sem honum þótti hentugast án þess að ráðfæra sig mikið við aðra. Til dæmis keypti hann stálflísar á gólfíð í bakaríinu en enginn á landinu hafði gert slíkt fyrr. Þær voru algerlega óslítandi. Hann var líka sá fyrsti sem flutti inn olíukyntan stikkofn og Matadorofninn sem varð “heimsþekktur og einn sá besti í heiminum.”

Ef Sigmundur hefur einhverntíma verið álitinn sparsamur þá átti það alls ekki við neitt sem snerti fyrirtækið og reksturinn á Magnúsarbakarí. “.. þar varð allt að vera sem best var á kosið hverju sinni því það var það sem gaf okkur það sem höfðum úr að spila... En við það lögðum við líka okkar metnað að gera það sem best úr garði.” segir hann í einu bréfa sinna.

### **Simmi skallaði hann ...**

Hetjusaga af Sigmundi hljóðar þannig að hann var að taka út úr stikkofninum sjóðheitan tveggja metra háan stikka með fjölmörgum plötum og tugum brauða. Þá veltur sjóðheitur stikkinn í fangið og á höfuðið á honum. Hann gefur ekki eftir til að láta allt fara á gólfið og til spillis - Nei aldeilis ekki - Bakarinn heldur stikkanum á enninu og skallar hans síðan með höfðinu til baka þannig að hann stendur aftur uppréttur. Hann var með mikið brunasár á enninu eftir átökin en það skipti minna máli – Honum tókst að bjarga framleiðslu þess dags!



Hér er Sigmundur að setja inn í stikkofninn fræga. Þetta er stikkinn sem féll á hann sjóðheitur og hann skallaði.

### **Peningar í Danmörku**

Sigmundur komst í kastljósið þegar gert var fréttamatur úr því að nokkrir íslenskir einstaklingar hefðu lagt fé inn á reikning í dönskum banka. Þetta var fyrir þann tíma sem gjaldeyrisviðskipti voru gefin frjáls. Nú eru því miður aftur komnir tímar með takmörkuðum möguleikum á viðskiptum með gjaldeyri. Eitthvað þótti fréttæmt við þetta en síðan eru liðin mörg ár...

### 3.kafli. Búseta í Vestmannaeyjum

#### Heimagata 4 – Hótel Berg

Á Heimagötu 4 kynntust Sigmundur og Dóra Hanna árið 1946, urðu þar ástfangin og áttu þar sín fyrstu búskaparár, 1946-1953. Húsið keyptu þau síðan af Magnúsi Bergssyni árið 1957 og bjuggu þar til að flutt var á Vestmannabraut 37, árið 1963. Á Heimagötu 4 fæddust þrjú af fjórum börnum þeirra hjóna. Bakarið var á neðstu hæðinni, fjölskyldan bjó uppi og þar var einnig starfrækt Hótel Berg. „Jóna gamla Jónsdóttir“ sá um reksturinn á hótelinu fyrir Magnús og Sigmund síðar. Þetta var eina hótelið í bænum og það hefur því líklega oft verið líflegt á Heimagötu 4 og ýmsir góðir gestir sem þangað komu.



Húsið Tunga á Heimagötu 4 – Hótel Berg.

Þetta stórglæsilega hús var byggt árið 1913 af Jóhanni Sörensen en fór undir hraun í gosinu 1973. Jóhann Reyndal rak þar brauðgerð til ársins 1919 en selur þá Guðlaugi Br. Jónssyni fasteignina ásamt brauðgerð. Guðlaugur selur Tungu ásamt brauðgerð síðan til Magnúsar Bergssonar á 85.000 krónur árið 1923 og er það allt greitt með yfirtöku skulda. Magnús fær úgefið leyfi til reksturs brauðgerðar og og brauðsölu hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum þann 23. Janúar 1923 og miðaði hann ávallt síðan stofnun fyrirtækis síns við þann dag. Hann er því einungis 24 ára þegar hann byrjar sem sjálfstæður atvinnurekandi. Þetta ásamt frekari staðreyndum kemur fram í samantekt Halldórs S. Magnússonar um föður sinn.

## Fjölskyldan á Hótel Berg

Á ættarmóti Þóru Magnúsdóttur frá Miðseli og Bergs Jónssonar skipstjóra kom eftirarandi fram í ræðu Sigmundar:

“Ég var nú nokkuð fljótur að kynnast fjölskyldunni þar sem ég bæði vann og svaf í sama húsinu og borðaði hjá henni.

Þóra Magnúsdóttir móðir Magnúsar kom stundum í orlof til sonar síns og dvaldi þá ætíð í nokkurn tíma. Hún var hress og skemmtileg kona og vildi alveg að tillit yrði tekið til þess er hún sagði og gerði, og hygg ég að svo muni vera um fleiri konur af þessari ætt!

Eitt sinn er hún var hér í heimsókn þá lét hún Magnús bera sér stól ofan úr eldhúsi niður í bakarí og setja hann á þann stað þar sem hún gat sem best fylgst með öllu sem þar fór fram viðkomandi vinnunni. Og þarna gat sú gamla setið ótrúlega lengi og séð hvernig unnið var. Við strákarnir vorum nú ekki beint hrifnir af þess en þorðum ekkert að segja og máttum hafa það.

Ég reyndi nú að vinna sem mest og best til þess að vinna mig í álit hjá þeirri gömlu, því ég þóttist vita að hún myndi nú ræða um það hvernig henni hefði nú litist á vinnubrögðin niðri.”

Svo virðist sem Sigmundur hafi náð að sanna sig hjá gömlu konunni og að hún hafi lagt inn gott orð hjá Magnúsi.

## Kirkjubæjarbraut 6

Sigmundur og Dóra Hanna byggðu hús á Kirkjubæjarbraut 6 og bjuggu þar árin 1953-1957. Húsið létu síðan upp í kaupin á Heimagötu 4 árið 1957 fyrir þrjú hundruð og fimmtíu þúsund krónur. Magnús Bergsson vildi selja þeim hjónum Heimagötu 4 með öllum rekstri og því var ákveðið að flytja þangað aftur eftir 3-4 ár á Kirkjubæjarbraut 6. Húsið keyptu Þóra systir Dóru Hönnu og hennar maður Kristinn Pálsson. Þau bjuggu í húsinu þar til það gaus á Heimaey 1973.



Núverandi bæjarstjóri Elliði Vignisson sést hér á miðri mynd við að tryggja sér brauðmeti á góðu verði 23. Janúar 1983. Lengst til hægri má einnig sjá í Gunnar Júlíusson.



## **Gunnarshólmi – Vestmannabraut 37**

1960 kaupa Sigmundur og Dóra Hanna húsið Gunnarshólma á Vestmannabraut 37 af þeim Þorsteini Gunnarssyni og Krístinu Valdemarsdóttur en Valdemar og Sigmundur voru systkinabörn. Kaupverðið var 450 þúsund krónur. Fyrst leigja þau húsið en svo er það rífið og nýtt hús byggt, teiknað af Skúla Norðdal, og flutt inn árið 1963. Það var haldin mikil veisla þegar húsið var tilbúið – “Mikið sungið, mikið drukkið og mikið gaman.”

Á efri hæðinni var íbúð fyrir fjölskylduna en Sigmundur var óráðinn hvað gera skyldi við jarðhæðina. Hann hafði fundið fyrir ofnæmi fyrir mjöli og ryki og sá ekki fram á annað en að þurfa að hætta öllum bakstri. Hann íhugaði að að setja upp bókabúð á Vestmannabraut 37 og hafði Sigmundur fengið til þess öll tilskilin leyfi. Síðan eftir að þau fluttu á Vestmannabrautina fór honum að snarbatna og ofnæmið hvarf nærri alveg á einu ári.

Staðsetningin var góð í hjarta bæjarins og salan jókst jafnt og þétt. Fyrst voru brauðin bökuð á Heimagötunni og keyrð í búðina á Vestmannabrautinni en árið 1966 var allur bakstur færður yfir á Vestmannabrautina. Sigmundur bætti við sig véllum og tækjum og segir frá því að um 1973 hafið Magnúsarbakarí verið eitt af best búnu bakaríum landsins hvað vélar og tæki snerti.

Framhliðin á húsinu þótti á ýmsan hátt nýstárleg því fronturinn var úr áli. Það var gott að mörgu leyti en líka nokkur galli þar sem ekki var hægt að negla í hann og svo gat hann hrímað að innan þegar mikið frost var. Þá lak það niður í smárennu sem var svo lítil að hún vildi stíflast og þá rann allt á gólfíð hefur Sigmundur skrifað.



Vestmannabraut 37 – Magnúsarbakarí.

## Sandfell – Vestmannabraut 36

Sigmundur kaupir húsið Sandfell við Vestmannabraut 36 af vini sínum Ingibergi Gíslasyni í byrjun áttunda áratugarins. Notaði hann húsið fyrst í stað sem hráefnislager fyrir bakarið en hann lætur síðan rífa húsið og byggja þar nýtt og stórt hús sem hýsti síðar m.a. tilraunavinnslu þeirra hjóna á pylsum og hamborgurum. Þau höfðu keypt nýstárlega vél sem bjó til pylsur með brauði utan um og stóð til að koma með nýjungar fyrir innlendan markað. Á

Vestmannabraut 36 byrjaði Bergur Sigmundsson síðan 1983 keiðframleiðslu með notkun á sama tækjabúnaði sem var síðan upphafið af Vilberg Kökuhúsi.



Vestmannabraut 36

## Lyngfell

Sigmundur keypti jarðarskika í Lyngfelli af Guðlaugi sem þá var bóndi þar og vinur hans. Þessi eign er eitt þúsund fermetrar og byggði hann þar sumarbústað sem hann gaf nafnið Spörvaskjól en gafst upp á þeim búskap eftir að kveikt hafði verið í honum í tvígang. Þar voru þau hjónin með lítinn kartöflugarð og á þjóðhátíð sem haldin var á Breiðabakka eftir gosið var bústaðurinn þeirra hústjald.



Tekið hjá Lyngfelli í tilefni af 100 ára afmæli Magnúsar Bergssonar 1998.

## Hraunbúðir – eftir 44 góð ár á Vestmannabraut 37

Sigmundur og Dóra Hanna fluttu af Vestmannabraut 37 á Hraunbúðir, dvalaheimili aldraðra í Vestmannaeyjum, 25.08.2007. Það var ekki auðveld ákvörðun og virkilega stórt skref fyrir þau eins og aðra að yfirgefa heimili sitt. Þau voru í 44 ár á Vestmannabrautinni og þau hafa kannski beðið eftir að árin yrðu 44. Talan fjórir er talin vera af hinu góða í fjölskyldu þeirra eins og áður hefur komið fram og það er alveg víst að það reyndist rétt með árin 44.

Þau eru mjög sátt á Hraunbúðum og láta vel af vistinni þar. Þau eru öllum svo þakklát fyrir þá góðu þjónustu og umönnun sem þau fá þar. Þar koma berlega í ljós kostir þess að lifa í litlu samfélagi þar sem nálægðin og tíminn er meiri. Það er virkilega gaman að heimsækja þau en þar vilja þau og starfsfólkið allt fyrir mann gera. Ágætis dæmi um það er þegar höfundur kom í óvænta heimsókn þegar móðir hans lá á sjúkrahúsinu. Þá var honum boðið að gista hjá föður sínum í herberginu á Hraunbúðum og svaf hann í rúmi móður sinnar. Það voru sáttir feðgar sem fóru í rúmið það kvöldið og vildi sá eldri endilega gefa þeim yngri brjóstsykur með bókalestrinum fyrir svefninn því það gerði hann venjulega. Sá eldri var með varann á sér alla nóttina þar sem hann var stöðugt að spyrja þann yngri hvort hann svæfi ekki vel sem og hann gerði þar til hann var vakinn næst til að spyrja hvort hann væri sofandi. Það skipti nú engu máli því hann gat alltaf sofnað strax aftur. Þetta var eftirminnileg heimsókn og vill höfundur nota tækifærið til að þakka starfsfólki Hraunbúða fyrir allt það sem þau hafa gert fyrir foreldra hans. Þar er mjög manneskjuleg og elskuleg umönnun og vistfólki er sinnt af virðingu og alúð – Það er virðingarvert og ber að þakka.



Heiðurshjónin ásamt Ástrós að njóta sólar á sólpallinum á Hraunbúðum.

## 4.kafli. Félagsmálastörf og áhugamál

### Esperanto – La bakisto

Sigmundur var einn af stofnendum Esperantofélagsins í Vestmannaeyjum ”La Verda Insúlo”. Haraldur Guðnason og hann kynntust fyrst þegar Esperantofélagið var stofnað í Vestmannaeyjum 1948 og segir Sigmundur svo frá í minningargrein um Harald sem hann dagsetur 28.01.06. “Upphafsmenn voru þeir Séra Halldór Kolbeins og Haraldur Guðnason, og þarna störfuðum við saman í mörg ánægjuleg ár, báðum til gagns og gleði. Þetta var okkar hugsjón að það yrði eitt Alþjóðatungumál sem notað yrði í framtíð heimsins! Það varð fljótlega mikill áhugi fyrir þessu félagi, og það voru fengnir hámenntaðir menn frá 3 löndum til þess að halda hér námskeið og kynna málið... Árið 1949 var Alheimsmót Esperantista haldið í Kaupmannahöfn, og það var 30 manna hópur úr félaginu sem sótti þetta þing sem stóð yfir í viku. En hópurinn dvaldi í 3 vikur með heimsóknum til Svíþjóðar, Þýskalands, Frakklands og Hollands þar sem esperantistar tóku á móti okkur og greiddu götu okkar.

Séra Halldór flutti erindi á þinginu og við Haraldur og Ólafur Halldórsson fórum með leikþátt úr Skuggasveini sem Halldór Kolbeins hafði þýtt yfir á esperanto og ég man það vel hvað rödd Haraldar sem lék Skuggasvein hljómaði hátt í Oddfellowhúsinu þetta kvöld og hve fast hann tók í öxlina á mér sem Ketil skræk. Þetta gerði góða lukku.”

Í einu af bréfum sínum kveður Sigmundur sem “La Bakisto” en það þýðir á esperanto bakarinn. Í fríum sínum á Spáni og á Ítalíu reyndi hann að nota þekkingu sína á esperanto og hafði gaman af.



Dóra Hanna og Sigmundur á Esperanto þingi í Kaupmannahöfn.



Dóra Hanna og Sigmundur. Myndin var tekin á ferðalagi Esperantofélagsins 1949.

## Sögufélag Vestmannaeyja

Sigmundur var virkur meðlimur í Sögufélagi Vestmannaeyja og einn af stofnendum þess félagsskapar. Hann ritaði greinar í hin ýmsu rit sem gefin voru út í Vestmannaeyjum eins Dagskrá, Fréttir, Alþýðublaðið, Eyjaskinnu ofl.

Sigmundur hefur tekið saman sögu húsa á Eyrarbakka en þessu hefur hann hefur verið að safna saman í fjöldamörg ár. Þar er fyrir sagnfræðinga og þá sem hafa áhuga á sögu Eyrarbakka vafalítið ýmislegt að finna. Kristján bróðir Sigmundur hefur þessa samantekt hjá sér og hefur sett in myndir af hverju húsi og er þessi samantekt skemmtileg minning og minningarbrot Sigmundar frá Eyrarbakka.

Þá hefur hann sömuleiðis verið að skrifa sögu húsa í Vestmannaeyjum, hverjir bjuggu þar, hvenær og hvaða saga er á bak við það fólk sem í þeim húsum bjó. Það er verðugt verkefni að finna réttu aðilana til að fara yfir þessi rit hjá Sigmundi og koma til birtingar og sjá til þess að þau varðveitist.



Spáð í spilin í Spörvaskjólí. Sigmundur með Haraldi Guðnasyni, Gulla í Gerði og Hermanni Einarssyni. Sigmundur starfaði með Haraldi og Hermanni í sögufélagi Vestmannaeyja en myndin er tekin á bókauppbóði sem Sigmundur var með í fornbókaversluninni sinni í Spörvaskjólí.

## Akóges

Sigmundur var virkur félagi í félagsskapnum Akóges í Vestmannaeyjum á árunum 1949-1985. Hann gengdi þar ýmsum stjórnarstörfum og var m.a. þrisvar formaður félagsins.

## Oddfellow

Dóra Hanna og Sigmundur tóku bæði virkan þátt í starfi Oddfellow (IOGT) og gengdu þar ýmsum nefndar- og stjórnarstörfum.

## Skákfélag Vestmannaeyja

Frá því Sigmundur lærði mannganginn sem strákur á Landspítalanum hefur skákáhugi hans verið mikill. Hann tefldi reglulega og á efri árum gerðist hann virkur meðlimur í Taflfélagi Vestmannaeyja. Þar gengdi hann stjórnarstörfum, tók við af höfundum sem gjaldkeri og gegndi því starfi í fjöldamörg ár. Þá ritaði hann um áraraðir skákfréttir í eyjablöðin Fréttir og Dagskrá. Vikulega skrifaði hann helstu skákfréttir, úrslit skáka, skákmóta osfrv. Þá átti hann mikinn þátt í undirbúningi helgarskákmótsins sem haldið var í Vestmannaeyjum 26-28.05.89.



Tekið á Fréttum. Sigurgeir Jónsson frá Þorlaugargerði, Sigmundur Andrésen, bakameistari, Gísli Valtýsson, Grímur Gíslason, Ómar Garðarsson og Þorsteinn Gunnarsson.

## Sigmundur er heiðusfélagi í Taflfélagi Vestmannaeyja síðan 1988.



## Fjarskák og Audi 100

Um tíma fór mikill tími í fjarskákir en Sigmundur var með allt upp í 5 fjarskákir í gangi í einu. Hann hafði mjög gaman af þessu en þetta þýddi margar og reglulegar ferðir upp á pósthús á hvítum Audi 100, V850, sem Sigmundur keyrði í rúm 20 ár. Hann var hrifinn af þýska stálinu en bílinn flutti höfundur inn fyrir hann frá Þýskalandi árið 1985. Bílinn lét hann duga til ársins 2007.

## Landsamband bakameistara

Sigmundur var í stjórn Landsambandi bakameistara og 1976 var landsþing þess haldið í Vestmannaeyjum. Það voru stolt bakarahjón sem voru hér gestgjafar eins og sjá má á myndinni af þeim.



Ánægð bakarahjón á landsþingi bakameistara í Vestmannaeyjum árið 1976.



Sigmundur þriðji frá hægri með félögum frá Landsambandi bakameistara árið 1952.

## Sigmundur í pólitík

Flestir sem Sigmundur þekkja grunar hvar hann stendur í pólitík og hefur hann aldrei farið leynt með stjórnmalaskoðanir sínar. Árið 1950 er Sigmundur m.a.s. á C lista Sameiningarflokks alþýðu, Sósíalistasflokks fyrir bæjarstjórnarkosningar en D lista Sjálfstæðisflokksins leiddi tengdafaðir hans Magnús Bergsson. Úrslit kosninganna voru þau að Sjálfstæðisflokkurinn fékk 4 menn en C listinn 2. Obinber afskipti Sigmundar af pólitík urðu ekki meiri svo vitað sé og hefur honum oft fundist það vera skrýtin ták þessi pólitík.

## Spörvaskjól

Sigmundur keypti húsið húsið Sædal á Miðstræti árið 1980 og gaf því nafnið Spörvaskjól.

Þar stundaði hann ýmisskonar “búskap” eins og fornbókaverslun, málverkasöfnun, uppoð á málverkum og síðustu árin bókbönd.

Spörvaskjól var vinsæll viðkomstaður ýmissa valinkunnra Vestmannaeyinga sem vöndu þangað komur sínar í molakaffi og spjall. Það væri of langt mál að telja þá alla upp en hér verða taldir upp sem höfundur veit að komu oft til hans:

Doddi í olúnni

Dósentinn (Villi dósasafnari og sérlegur sendiboði Sigmundar og Dóru Hönnu)

Fiddi í Valhöll

Guggi Matt – Guðgeir Matthíasson listmálari

Hermann Einarsson

Jói á Grundarbrekku

Muggur – Magnús Bjarnason

Hildar í Þorlaugargerði

Ómar Garðarson á Fréttum

Dúddi múrari

Róbert Sigurmundsson

Sigurjón Þorkelsson leigubílstjóri og skákfrömuður

Haraldur Guðnason

Óli Beyk, Manni í Sandprýði, Matti Spíkon ofl. ofl.



Nokkrir af “Spörfuglum”, Guðgeir, Sigmundur, Doddi og Óli Beyk.



Það hefði víst oft verið gaman að vera lítil fluga á vegg í Spörvaskjólínu þegar umræður stóðu hvað hæst. Stundum lá mönnum svo hátt rómur að fólk staldraði við fyrir utan til að hlusta á umræðurnar. Þá sagði einn viðmælandi höfundar að stundum hefði verið rifist og einu sinni hefði einn þátttakandinn rokið út og skellt hurðinni svo harkalega á eftir sér að sést hefði á eftir skrúfunum úr hurðinni enda í þakrennuni á næsta húsi.

Spörvaskjólíð seldi Sigmundur síðan Róberti Sigurmundssyni sumarið 2007 fyrir 3 milljónir.

### **Bókband**

Eftir að Sigmundur hætti störfum sem safnvörður fór hann að binda inn bækur en bókbandið lærði hann af vini sínum Ingólfi í bankanum. Það gerði hann samviskusamlega bæði sér til ánægju og dægrastyttingar fyrir sínar eigin bækur en einnig fyrir einstaklinga og stofnanir. Eftir hann liggja margar og góðar bækur.



Sigmundur við vinnuborðið sitt í Spörvaskjólí.



Sigmundur með innbundnar bækur í Spörvaskjólí.

## Simmi málari

Þetta viðurnefni festist nú aldrei við hann en árin eftir að hann hætti bakstri fór hann að leita að dægurvöl og byrjaði m.a. að mála. Hann málaði nokkuð mikið á tímabili. Helst voru það skútumyndir og hanga þær á flestum heimilum barna og barnabarna hans. Þá eru einnig til margar útgáfur af Smiðshúsum á Eyrarbakka og Hótel Berg sem hann hefur málað í gegnum tíðina.



Fyrsta olíumálverk Sigmundar. Sigling. Líklega málað í kringum 1980

## Safnvörðurinn Sigmundur Andrésson

Sigmundur var safnvörður í Byggðasafni Vestmannaeyja árin 1986-1992 við góðan orðstír. Hann tók við því starfi af Ragnari Óskarssyni en starfið átti mjög vel við safnarann og grúskarann Sigmund Andrésson. Þessu starfi sinnti hann af sömu elju og samviskusemi og þegar hann var í bakstrinum. Það var hvergi slegið slöku við og mikill metnaður lagður í starfið og að gera hlutina eins vel og hægt væri.



Sigmundur á Byggðasafni Vestmannaeyja að sýna skólabörnum safnið.

Sigmundur hætti sem safnvörður sökum aldurs árið 1992 en þá tók við góðvinur fjölskyldunnar Jóhann Friðfinnsson eða Jói á Hólnum eins og hann var kallaður. Jói mætti alla laugardaga í kaffisopa, spjall og vinarbrauð til Sigmundar og Dóru Hönnu þar til hann lést. Jóhann var tryggur vinur hennar eins og aðrir fjölskyldumeðlimir innan hans fjölskyldu.



Sigmundur og Jóhann Friðfinnsson sem tók við af Sigmundi sem safnvörður árið 1992. Síðustu árin á Vestmannabrautinni kom Jóhann á Grundarbrekku í morgunkaffi á hverjum laugardagsmorgni til þeirra hjóna en það var einn af nokkrum föstum punktum í lífi þeirra hjóna sem ekki mátti vanta. Jóhann starfaði á vegum bæjarins á sama tíma og Sigmundur var safnvörður og hafa þeir verið góðir vinir síðan.



Sigmundur safnvörður á tali Tryggva Sigurðsson bátasmið og gesti.

## 100 ára

Annar fastur liður í lífi Sigmundar er síðan á laugardögum en þá er “heilög stund” þegar hann hringir í félagi sinn og vin Jón Hannesson á Brimhólum. Jón varð 100 ára í sumar og er enn við hestaheilsu. Í þessu vikulega símtali taka þeir sér góðan tíma til að fara yfir pólitík og atburði líðandi stundar og ansi oft sem Sigmundur vitnar í skondnar og ákveðnar skoðanir Jóns á lífinu. Báðir eru enn með bílpróf og fer Sigmundur enn á sinn bryggjurúnt. Þeir eru fyrirmyndar eldri borgarar og góðir saman!

## Safnarinn

Sigmundur hefur ætíð verið mikill safnari og hendir fáu. Hann hefur safnað mynt, frímerkjum, bréfum, bókum, málverkum ofl. Þá hefur hann safnað saman ýmiskonar fróðleik sem hann hefur haft áhuga á og skráð. Þennan fróðleik og heimildir geymdi hann á skrifstofu sinni þar sem það beið þess að verða yfirfarið og gefið út á prenti.

Í einu af bréfum sínum er hann að kenna barnabarni sínu að geyma vel bréfin sem hann fái. Hann minnst þar m.a. á bréf sem hann á ennþá sem hann skrifaði föður sínum skömmu eftir að hann kom til Vestmanneyja 1946 og þyki vænt um.

## Happatalan 4

Talan 4 hefur lengi loðað við afkomendur Magnúsar Bergssonar sem bjó á Heimagötu 4 og hafði mikið dálæti á tölunni 4. Reikningur Magnúsar í Útvegsbankanum síðan Íslandsbanka, Glitni og nú aftur Íslandsbanka nr. 4 yfirtók Sigmundur og er með enn í dag.

Það var stundum langsótt hvernig hægt var að hafa útkomuna 4. Bílnúmerið hjá Sigmundi var V850 en hjá honum lagðist það út eftirfarandi:  $8+5+0=13$  og  $1+3=4$ . Vestmannabraut 37 var einnig hægt að tengja tölunni 4 en  $7-3=4$  og svona mætti lengi telja.

Höfundur datt í hug að ef happatalan hefði verið 9 þá hefði bílnúmerið enn verið það rétta því  $5+8+5+0=18$  og  $1+8=9$ .

## Kúttur Surprise GK 4

Eftir því sem næst verður komist má rekja þessa dýrkun á tölunni 4 aftur í Kúttur Surprise GK 4. Það var skip sem var í eigu Bergs Jónssonar föður Magnúsar Bergssonar og Einars Þorgilssonar fyrrverandi alþingismanns (afi Matthíasar Matthíassonar, föður Árna og Þorgils Óttars). Bergur var skipstjóri á kúttur Surprise GK 4 árin 1901-1924. Útgerðin ku hafa gengið ágætlega og vel fiskaðist á kúttur Surprise GK 4. Munnlegar heimildir segja að hér sé upphafið á væntumþykju fjölskyldunnar á tölunni 4 að finna.

Aðrir segja að talan 4 hafi komið til Magnúsar fyrir tilviljun. Honum hafi samt ekki leiðst það að hann fékk tékkareikning 4 og bjó á Heimagötu 4 - m.a. vegna Surprise.

Árið 1954 kaupir Magnús Bergsson bát ásamt Kristni Pálssyni tengdasyni sínum sem var skírður Bergur VE 44. Alþekkt er síðan dálæti Magnúsar sonar Kristins Pálssonar á tölunni 4.

Magnús Bergsson bjó á Heimagötu 4, opnaði tékkareikning númer 4, símanúmer og bílnúmer innihéldu einnig töluna 4 eins og áður kom fram. Símanúmerið í Magnúsarbakaríi var 1964 en það ár fæddust 3 barnabörn Magnúsar og það fjórða skömmu fyrir áramót. Þetta eru drengirnir Magnús Már Halldórsson, Magnús Júlíusson, Óskar Sigmundsson og Birkir Kristinsson. Telja má líklegt að einhver hafi ekki talið það vera tilviljun að einn af þeim, Magnús Júlíusson, hafi komið í heiminn 04.04.1964.

## Vesturgata 44

Eftir bollaleggingar um upprunann á væntumþykjunni á tölunni 4 kom í ljós að hana má sennilega rekja aftur í Vesturgötu 44 í Reykjavík. Í þeirri skoðun rakst höfundur á margt fróðlegt um langafa sinn Berg Jónsson en hann bjó snemma á sínum búskaparárum á Vesturgötu 44 ásamt Þóru konu sinni og börnum. Líklegt er að meira um Berg eigi eftir að sjást á prenti áður en of langt um líður.



Vesturgata 44, Reykjavík.

## Útgerðarmaðurinn Sigmundur Andrésson

Bergur Jónsson var skipstjóri og útgerðarmaður og skipstjóri á kúttur Surprise GK 4 eins og áur kom fram. Magnús Bergsson faðir Dóru Hönnu var einnig útgerðarmaður með meiru en fyrsta árið eftir að Magnús Bergsson dó sá Sigmundur um útgerðina á m/b Kab VE 272 ásamt fleirum en ákvað þá að einbeita sér eingöngu að bakstrinum. Hann segir að ekki hafi verið nægur tími til að sinna hvorutveggja. Hann var ætíð með fókusinn stilltan á bakarið og þeim rekstri er því tengdist.



Elli Bergur, Júlíus Gísli, Guðjón Valda og Sigmundur komu allir við sögu útgerðar m/b Kap um lengri eða skemmri tíma.



m/b Kap VE 272

### **Konungsríkið**

Venjulega fór Sigmundur á fætur klukkan rúmlega 4 að morgni og vinnu í bakariinu var venjulega lokið um klukkan 3. Þá byrjaði hann á því að fara yfir framleiðslutölur dagsins, skrifa reikninga og telja upp úr kassanum frá deginum á undan. Þau voru vel samanbrotin seðlabúntin sem Dóra Hanna fór síðan með í bankann á á degi hverjum og lagði inn á reikning nr. 4. Höfundur fékk stundum að telja saman tíu seðla í búnt og brjóta tíunda seðilinn þvert á búnkann og fannst það spennandi verkefni.

Eftir erfiðan og langan vinnudag þótti Sigmundi stöku sinnum gott að fá sér í “annan fótinn” eins og það er orðað. Eftir að hafa lokið einnig pappírsvinnunni þá sat Sigmundur á skrifstofu sinni í sínu “konungsríki” og þótti þá gaman að taka á móti góðum gestum og félögum. Þar var oft mikið „filósóferað“, skrafað og planað. Höfundur man eftir að hann settist stundum út í horn og lét fara lítið fyrir mér á meðan faðir hans var með heimsókn og fannst honum það mjög svo skemmtilegar og fróðlegar umræður. Honum er minnstæðast þegar Ási í Bæ var hjá honum og síðan Voxi bakari en það voru háfleygar og skemmtilegar samræður.

Þótt Sigmundur hefði af og til fengið sér vínglas var hann samt ævinlega mættur í vinnu daginn eftir. Það var eitthað sem aldrei klikkaði. Á sínum yngri árum gat hann einnig tekið hressilega undir færeyska söngva með félögum sínum ef þannig stóð á eins og og áður hefur komið fram. Eftir því sem árin liðu varð hann spakari hvað áfengi varðar og hefur ekki haft lyst á því núna síðustu árin.



Sigmundur í „konungsríki“ sínu á Vestmannabraut 37.

### **Sigmundur hinn greiðasami**

Sigmundur þótti greiðasamur og voru margir sem leituðu til hans á ólíklegustu tímum sólarhringsins og við ýmiskonar aðstæður. Alltaf var Sigmundur tilbúinn að hjálpa. Bakariíð var opnað sérstaklega hvenær sem var sólarhringsins ef það þurfti að afhenda skipum kost eða bjarga veislum. Hann gerði vinum og vandalausum fjölmarga greiða og þótti búngóður.

### **Dagbókin**

Dagbók Sigmundar Andréssonar á sér orðið ansi langa sögu og eflaust ekki margir sem hafa skrifað samfelld dagbók eins lengi og Sigmundur. Á hverjum degi er veðrið skráð niður ásamt helstu viðburðum dagsins. Það er öruggt að ýmsir eiga eftir að leita í dagbækur hans er fram líða stundir og þar er ýmsan fróðleik og heimspeki að finna.

“Pústa mig, pillur og lýsi, brauðbita með salati og tveim verkjapillum. Elda grautinn sem Bibí kemur strax í en hallar sér aftur. Ég fæ mér hræring og síðan kaffisopa og raka mig. Halla mér síðan til 10. Í nótt þurfti ég að bæta á mig einni Sobril um tvo leitið og svaf síðan ágætlega. Hita mér kaffi og fer í bað.

Var hundfúll og argur í skapi og skil ekki hvers vegna því mér líður ekkert illa þannig séð er ekki með verki eða neitt kvalinn? Samt er eins og einhver fjandinn ergi mig: Geri ekki neitt, hef mig ekki í neitt því ef ég fer að gera eitthvað sem ég þarf að standa við þá bila fæturnir og það vil ég ekki. Hugurinn er galtómur, þó hugsa ég einhver ósköp en festi ekki hugann við nokkurn hlut. Bibí kvartar yfir því að þetta bitni á henni sem er alveg rétt þó svo ég ætlist ekki neitt til þess..

Ég hugsa nú mikið um mitt fólk og reyni að fylgjast með gangi þess í lífinu eins og hægt er og ef eitthvað er ekki í lagi hjá einhverjum þá tek ég það inn á mig og það ergir mig því miður, því Bibí segir að við getum ekkert gert með það og eigum ekki að velta okkur upp úr því. Það er alveg rétt, það er þeirra mál.”

Tekið úr dagbók Sigmundar.



Í dagbókina vantar aldrei veðurfarslýsingar. Í heimsókn sinni til Þýskalands tók hann því með sér sinn eigin hitamæli.

### **Hræringur – Einn dagur í lífi Sigmundar – “Ívanor Ívanovits”**

Þau eru ófá bréfin frá Sigmundi sem innhalda lýsingar á daglegu lífi þeirra hjóna og oft á tíðum mjög nákvæmar lýsingar. Hér er eitt dæmi sem inniheldur einnig uppskrift af hinum margfræga hræringi sem Sigmundur elskar svo mjög. Sum barnabörnin halda því fram að Afí Simmi verði örugglega mjög langlífur af því að hann borði svo hollan og góðan mat – Hvað ungur nemur gamall temur.

Í ódagsettu bréfi til Hugins Óskarssonar segir Sigmundur svo frá einum degi í lífi sínu.

“Ég fer á fætur um hálf átta leytið og amma þín rétt seinna. Byrja á því að taka lýsi og sjóða hafragraut og á meðan borða ég eina brauðsneið með osti eða marmelaði og með því gleypi ég 8 pillur á hverjum morgni og auk þess 2 verkjapillur. Þá er suðan á grautnum að koma upp og ég slekk á vélinni og hræri síðan 100 sinnum í og þá er hann fullsoðinn og góður. Grauturinn er þannig samansettur: 1 sléttfullur kaffibolli haframjöl og 2 vatnsglös af köldu vatni og svona tæplega hálf teskeið af salti. Með þessu lagi er hann alltaf mátulega stífur. Nú set ég smáslettu af skyri á djúpan disk og síðan heitan graut eins og passar. Þessu hræri ég saman og er þá kominn þessi fíni hræringur aðeins volgur og hentar vel á morgnana sem hollur og góður morgunverður með fjörmjólk. Þetta fer einstaklega vel í maga og maður verður saddur!! Sem er nauðsynlegt ef maður á að geta hugsað eitthvað af viti mundu það!! Amma fær sér bara smávegis af graut og lætur það duga í bili, hún borðar svo lítið af mat en á það til að fara í ísskápinn og fá sér þar einhvern bita. Þegar þessu er lokið raka ég mig og tek nokkrar rispur á veröndinni þegar veður leyfir, annars bara inni fram og aftur. Næst hita ég fínt franskt kaffi sem ég kalla, en það eru bara tveir bollar í litlu könnunni sem amma gaf mér í jólagjöf í fyrra. Amma þín fær sér smásopa en ég klára svo, þvæ könnuna og geng frá, á meðan fer amma að setja í þvottavélina og hengja út, eða ganga frá og strauja. Þá leggur hún oft líka kapal. Ég er þá að færa gærdaginn á tölvuna eða skrifa eitthvað eins og í vetur var ég að takasaman öll húsanöfnin í Eyjum og læt fylgja með fólk er þar hafði búið og síðan kanski einhverja sögu um viðkomandi. Ég hefí gaman af þessu og þetta stytir mér stundir og tekur nokkurn tíma sem ég hefí nóg af nú orðið.



Nú, þegar klukkan er langt gengin 10 þá leggjum við okkur til svona korter í 11 og þá er það fóðurbætur sem ég nú hræri saman við grautinn sem eftir var í morgun, vítamín og 2 verkjapillur. Held síðan niður í Spörvaskjól, kanski með viðkomu á Apótekinu eða hjá Matta út af bílnum sem er nú mjög sjaldan sem betur fer.

Þegar eitthvað er að gera hjá mér nú orðið þá loka ég mig af til kl. 13 og ansa engum sama hver bankar. Því það er engin leið að vinna við að mæla nákvæmt eða sníða ef fullt er af köllum kjaftandi í kringum mig. Útbjó pappaspjald sem á stendur: Opnað kl. 13. Þetta hengi ég á hurðina svo menn sjái hvað er um að vera! Finnst þér það ekki bara gott? Ég vil hafa frið á meðan ég er að vinna. Nú klukkan eitt kemur svo Doddi fyrstur þá Villi dósent sem sendist fyrir mig um allt nema í Apótekið. Hann er finn og viljugur og mjög gott að losna við smá snúninga. Þar næst kemur Róbi og þá oft með skyr eða samloku og étur þetta með kaffisopa sem ég gef honum eins og öllum sem það vilja. Fiddi og Sigurjón koma þá oftast og fleiri. Muggur og Hermann stundum ásamt Dúdda múr sem lætur mig þá heyra það sem hann hefur ort en hann er ágætur að semja. Enga mjólk hefi ég nú í kaffið en kandís og molasykur. Mesta fjörið er þegar Róbert er í stuði, sem er oft því þá kjaftar á hann svo mikið og hátt að fólk bara stoppar á götunni og hlustar, það er einfalt gler og allt heyrir út sem sagt er. Doddi er nú líka stundum að segja manni sögur sem maður er búinn að heyra hundruð sinnum. Villi er hægur en skýtur inn einni og einni setningu sem hittir vel í mark og oft hlegið að...

Hjá þessum gæjum fæ ég nú helstu fréttir úr bænum. Ég er svo bara til 2.30 eða 3. Þá er sluss. Heima hefur amma verið eitthvað að snúast og ég fæ mér eina brauðsneið áður en við spilum en það gerum við á hverjum degi eftir að ég kem heim. Og þetta er spil sem gefur hundruð stig, og sá sem fyrri er að ná í þau sigrar. Stundum getur það tekið marga daga. Um daginn fékk ég alltaf þessi fínu spil en amma þín bara hunda, og var orðin svo leið að hún var að hugsa um að hætta bara. En nú hefur gæfan snúist henni í vil og henni líður betur!! Þá er kíkt eitthvað á sjónvarpið sem amma þín hefur tekið upp fyrir mig. Við borðum uppúr 5 og leggjum okur smástund til rúmlega 6. Amma þín eldar en ég vaska upp og geng frá. Þá er horft á fréttir og alltaf Kastljós. Annað er nú ekki fyrir mig á skjánum. Lít þá í blöðin og skrifa eitthvað þegar ég nenni. Fæ mér brauðsneið og tesopa. Amma þín fær sér engjabykkni eða annað svipað. 'Eg fer að hátt kl.10 en amma þín 10.30. Svo lesum við til 11.30 og tökum svefnpillur og sofnum nú oftast nokkuð fljótt en þó kemur fyrir að amma þín fari fram og leggi kapal, og það geri ég einstaka sinnum líka og síðan er gott að leggja sig aftur þá sofnar maður strax.

Þetta er nú hinn venjulegi dagur hjá Ívanor Ívanovits.”



Fjölskyldumynd tekin 1981. Sigmundur og Dóra Hanna með börnum sínum og barnabörnum.

## 5. kafli . Persónan Sigmundur Andrésson

### Afi Simmi - Besti afi í heimi

Það er alltaf gott að koma til ömmu Bíbí og afa Simma. Betri afa en Simma afa er vart hægt að hugsa sér. Honum er annt um sína og gefur þeim af sér á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Við lestur á öllum þeim aragrúa bréfa sem hann hefur skrifað höfundu og fjölskyldu hans rennur upp fyrir honum hversu mikil breyting hefur orðið á Sigmundi eftir því sem árin líða. Á árunum 1985-1995 eru bréfin frá honum mun formlegri og meira fréttu- en tilfinningatengd. Á síðari árum fá tilfinningarnar að ráða meira ferðinni og bréfin hafa orðið skemmtilegri og hann gefur meira af sjálfum sér við skriftirnar. Það hefur hjálpað höfundu við að skilja hann enn betur og setja sig betur í hans spor. Sama má segja um almenn samskipti hans við sína nánustu. Á einum stað segir hann frá því hversu vænt honum þyki um snertingu og faðmleg sem hann hefði farið á mis við á sínum yngri árum en eins og hann segir sjálfur: ”batnandi mönnum er best að lifa.”



Afi Simmi að kyssa góðvin sinn Huginn. Tekið í Þýskalandi árið 1997.

Það má því segja að Simmi hafi náð að njóta sín mjög vel í afahlutverkinu og afabörnin hoppa gjarnan í fangið á honum og hlusta á hann með athygli. Hann nýtur mikilla vinsælda og virðingar yngri kynslóðarinnar. Þau hlusta af athygli á uppbyggilegar og hlýlegar frásagnir hans. Reyndar hafa þau sum fengið fyrsta kaffisopann ansi snemma hjá afa Simma en það er drukkið úr undirskálinni með mola – eða sykursmola var dýft í kaffið og molinn soginn - og getur því vart talist til kaffidrykkju.



Afi Simmi við eldhúsbordíð á Vestmannabrautinni – Í sætinu **sínu**! Hér má sjá undirskálina sem mörg barnabörnin fengu að nota til að bleyta í „sérherta“ sykursmola frá Finnlandi (það voru þeir allra bestu að mati húsbóndans).

## Helti Sigmundar

Aldrei vildi Sigmundur líta á hlutina þannig að hann byggi við einhverja líkamlega fötlun þótt annar fóturinn væri styttri og hann haltraði eilítið. Hann hefði sennilega getað sótt í meiri stuðning og styrki ef hann hefði viljað en það passar engan veginn við hann. Einu sinni man höfundur eftir því að foreldrnir spurðu hann á sólarströnd hvort honum þætti það leiðinlegt að faðir hans væri væri haltur og gæti ekki hlaupið með honum á ströndinni og gæti ekki gert allt með honum sem aðrir feður gerðu. Þessu svaraði höfundur að sjálfsgöðu neitandi en er hann íhugaði þessa spurningu síðar gerði hann sér grein fyrir því að hann hafði aldrei hugsað til þess og saknaði þess aldrei að hafa ekki þabba sem var með tvo jafnlanga fætur og hljóp með hann eða stökk um. Foreldrar höfundar voru ætíð á sinn hátt einfaldlega þau langbestu!



Hér má sjá sérútbúna skó Sigmundar. Það er vinstri fóturinn sem er um 8 cm styttri. Mjödmin hefur einnig verið stíð síðan hann var í gífsinu frá ökkla og upp á brjóst í þrjú og hálf ár.



Þabbalegur. Sigmundur með Óskar yngsta son sinn í fanginu.

## Sigmundur hinn heimakæri.

Sigmundur er heimakær og líður vel heima hjá sér. Sagt hefur verið um Sigmund að hann hefði verið kominn með heimþrá áður en Herjólfur lagðist að bryggju í Þorlákshöfn.

“Þann söng sem þú heyrir ekki í Brekkukoti, hann heyrir þú ekki heldur þó þú farir niður á Lækjartorg eða eitthvað í þá veru segir Laxnes.”

Einhver hjúkrunarkonan á spítalanum í Vestmannaeyjum þóttist hafa fundið út að hann væri ekki mikil félagsvera því honum líkað betur að vera inni á sinni stofu, lesa þar sína bók eða skrifa í sínar skruddur í staðinn fyrir að glápa á sjónvarpið með hinu fólkinu. Það eru hins vegar ansi margir sem hafa kynnst honum og uppgötvað hversu mikil og góð félagsvera Sigmundur er.



Sigmundur í Þýskalandi að halda upp á 75 ára afmælið sitt 1997. Það tók hann tæp 12 ár að drífa sig í heimsókn til höfundar en þetta er jafnframt eina heimsókn hans til þessa.

## Annað líf

Sigmundur skrifaði höfundi bréf árið 2006 þar sem hann segir frá nýrri og áhrifamikilli reynslu sinni sem hann upplifði á spítalanum í Vestmannaeyjum. Þangað fór hann eftir að hafa verið sérstaklega slæmur í fótunum.

“Það er ýmislegt í lífinu sem hefur komið mér á óvart, og ekki fengið næga skýringu á en bendir þó til þess að það sé til einhverskonar annað líf sem maður verður var við en getum ekki útskýrt það sem fastan áþreyfanleika eða sönnun?”

Nú í haust hinn 7. okt (2006 innskot höfundar) er ég lá einn á stofu á Spítalanum sofnaði ég ekki fyrr en langt gengin 2 vaknaði fljótlega aftur með nokkurskonar martröð, og er að reyna að hrista hana af mér og vakna. Ég glaðvakna við það að verið er að strjúka mjúkum höndum um bæði hnén á mér. Sé um leið að þetta er kona sem situr á rúminu og snýr bakinu í mig. Svo stendur hún upp og ég sé vanga hennar og þekkti þá um leið að þetta var móðir mín sáluga og ég kalla um leið og hún stóð upp og fór út úr herberginu. Mamma. Og ég var svo vel vaknaður að ég horfði á þetta bara eins og á björtum degi. Kveikti strax ljós og skrifaði þetta um leið hjá mér. En ég man valla að mig hafi nokkurntíma dreymt hana, þó má það nú vera. Ég ætlaði nú ekki að segja neinum frá þessum draumi fyrr en þá löngu löngu seinna og sjá til hvort hann boðaði eitthvað. En eftir að ég kom heim þá sagði ég nú Bíbí frá honum og bað hana um að nefna hann ekki við nokkurn mann, því ég er ekkert fyrir svona lagað. Og svo ætlaði ég líka að sjá hvernig mér vegnaði í fótunum?? Og tilfellið er að ég hefi verið betri í þeim heldur en ég átti nokkurn tíma von á, og ég vona bara að mjúku hendurnar hennar mömmu hefðu þar eitthvað um að segja:?”

Lengi vel eftir þennan draum var Sigmundur mun betri í fótunum en nokkur þorði að vona.

## Ljóðskáldið Sigmundur

Sigmundur hefur samið mikið af vísum og ljóðum og væri það efni í heila ritgerð. Mikið af þeim eru hefðbundnar vísur eða stökur en til að gefa hugmynd af frjálsegum stíl hans eru hér nokkur dæmi af því sem hann hefur sent fjölskyldu höfundar:

### Huginn

Ég sakna þín oft litli vinur.  
Bros þín og vinarhót,  
velgdu mér oft um hjartað  
og það er öldnum oft bót.  
Þú brostir svo blítt á vangann  
Það birti yfir svipinn þinn.  
Ég sakna þín daginn langan  
litli vinurinn minn.

### Sólin er Sobril

Sólin er Sobril.  
Nóttin er löng  
ef ég næ ekki að sofna.  
Sólin er Sobril  
sem gefur mér ferð  
inní draum hugans.  
Hver er ég  
og hvert fer ég?  
Veit það ef til vill á morgun.

“Kl 1.30 24. mars 06 Þegar ég gat ekki sofnað fyrr en eftir að ég hafði tekið 1 Sóbríl. Frábær.”

Eftirfarandi sendi hann í ódagsettu bréfi til fjölskyldunnar en þar rifjar hann upp minningu sína er hann vaknar í Smiðshúsum þegar faðir hans er að fara á sjóinn.

### Minning:

Ungur man einn morgun  
á miðri vertíð,  
að hjalað var lágum rómi  
frammí eldhúsi  
og ég sé ljósrák  
milli stafs og hurðar  
og ylmur af nýbökudum  
flatkökum barst í nef.  
Læðist hægt og hljótt  
og gægist inn í eldhús.  
Pabbi hann situr  
við eldhúsbekkinn  
mamma er að baka  
flatkökur á þríkveikju  
þær fara í bitakassann  
áður en pabbi fer í róður  
á Halkion litla.  
Svo kveður hann okkur

með kossi um leið  
og hann heldur út í myrkrið.  
Við mamma  
læðumst inn í rúm  
og höllum okkur eilítið lengur  
þar til roðar af nýjum degi.

Hér er ein góð eftir H.K.L. (Halldór Kiljan Laxness sem er í miklu uppáhaldi hjá honum).  
Vísu sem Halldór lætur Bjart í Sumarhúsum yrkja, og Sigmundi þykir svo góð þegar hún á við.

Því er mér orðið stýrt um stef  
stæri mig ekki af því sem ég hef.  
Því hvað er auður vald og hús  
ef engin jurt vex í þinni krús.

Hér eru tvö önnur ljóð frá H.K.L. sem afi Simmi hefur sent barnabörnunum oftár en einu sinni  
og virðast vera í uppáhaldi hjá honum:

Ég ætla að tala við kónginn í Kína  
og kannski páfann í Róm.  
Og hvort sem það verur til falls eða frægðar  
þá fer ég á íslenskum skóm.

Trúðu á tvent í heimi  
tign sem æðsta ber  
Guð í alheimsgeymi  
Guð í sjálfum þér

Eitt ljóð eða heilræði í lokin sem Sigmundur sendi 05.09.04 til Hugins Óskarssonar.

Þetta verða lokaorðin í þessari samantekt því höfundur telur þau passa vel við Sigmund  
Andrésson og viðhorf hans til lífsins.

Horfðu á stjörnurnar.  
Gefðu þér tíma  
til að lifa  
og hugsa um sólina,  
sem gefur okkur lífið og gleðina.  
Fegurð himinsins  
er engu lík  
ef manni tekst að  
koma auga á hana.  
Það er mikið undir  
þér sjálfum komið  
hvernig það tekst.

Ritað í Otráþorpi og á Íslandi í júlí og ágúst 2007.  
Endurbætt sumarið 2012 í tilefni af 90 ára afmæli heiðursmannsins Sigmundar Andréssonar.  
Með innilegu þakklæti fyrir allt sem þú og þið bæði saman hafið gefið okkur.  
Ykkar sonur Óskar Sigmundsson

## 6.kafli. Myndir af Sigmundi og fjölskyldu í leik og starfi.



Sigmundur og Dóra Hanna með börnum sínum árið 1981.



Sigmundur og Dóra Hanna í skírnarveislu Óskar Óskarsdóttur. Lengst til vinstri er Vilborg Gísladóttir góð vinkona tengdaforeldra sinna.





Sigmundur að halda ræðu á ættarmóti í tilefni af 100 ára afmæli Andrésar Jónssonar 1996. Aðstoðarmaðurinn er Jón Pétur Jónsson bróðursonur Sigmundar.



Heiðurshjónin við hlaðið veisluborð á Vestmannabrautinni.



Sigmundur og Dóra Hanna á Vestmannabraut 37.



Tryggvi Gunnarsson og Sigmundur Andrésen að störfum á Byggðasafninu.



Hótel Berg. Málað af Sigmundi 1982.



Hópur Íslendinga á Esperanto þingi í Kaupmannahöfn 1949. Dóra Hanna er fjórða frá vinstri í miðröð.



Sigmundur og Dóra Hanna á Spáni ásamt Gísla Dungal heildsala og innflytjanda sem átti húsið sem hjónin, Óskar sonur þeirra og Davíð Jóhannson gistu í árið 1979.



Sigmundur í A-þýskalandi 1997.



La Bakisto er monsaralegur á þessari mynd.



Afi Simmi með stórvinkonu sinni Guðrúnu Hebu og fjölskyldu. Guðrún Heba var einstaklega góð við afa sinn og ömmu og þótti þeim afskaplega vænt um hana. Þau voru góðir vinir og frægt er leikritið sem Guðrún Heba lék á Kanaríeyjum fyrir ömmur sínar. Guðrún Heba lést aðeins rúmlega tvítug að aldri þann 29. október 2009.



Myndarleg hjón!



Sigmundur að fara með kransaköku í brúðkaup í júlí 1965.



Sigmundur að skrifa reikninga á skrifstofu sinni á Heimagötu 4. Tekið í Júlí 1965.



Stofan á Vestmannabraut 37. Hjónin í hásetum sínum. Hrafnhildur Svala og Hekla Sif Sigurjónsdætur að sýna afa og ömmu listir sínar. Sara móðir þeirra fylgist spennu með.



Fjölskyldumynd tekin á Hraunbúðum 25.06.2010 á 85 ára afmæli Dóru Hönnu.



Sigmundur „Schumacher“ Andrésson á leiðinni úr matsalnum í íbúðina sína á Hraunbúðum.



Citroen DS - Sigmundur var Citroén aðdáandi og fannst gaman að keyra mjúkan DS sem hægt var að hækka og lækka eftir aðstæðum.

Myndir frá Sigurgeir ljósmyndara:



Tekið í Magnúsarbakaríi 29. desember 1978. Síðasti vinnudagur Simma runninn upp, svo taka strákarnir við rekstrinum. Andrés Sigmundsson, Sigmundur Andrésson og Bergur Sigmundsson.





Tekin á norrænni menningarviku í Byggðasafni Vestmannaeyja í maí 1987. Einar Valur Bjarnason, Eyjólfur Pálsson, Páll Zópóniasson og Sigmundur Andrésón.



Stjórn Akóges. Tekin 11. janúar 1975 í Vestmannaeyjum.  
Aftari röð: Áki Heinz Haraldsson, Valtýr Snæbjörnsson, Jón Guðleifur Ólafsson. Fremri röð: Sigursteinn Marinósson, Sigmundur Andrésón og Garðar Björgvinsson.



Tekin 1. apríl 1985 í Vestmannaeyjum. Benedikt Ragnarsson, Sparisjóðsstjóri, Sigmundur Andrésón, bakameistari og Hermann Einarsson, kennari.



**Heiðursmaður fagnar 85 ára afmæli var fyrirsögnin í Fréttum undir þessari mynd.**

„Það var mikið um dýrðir í afmæli Sigmundar Andréssonar, Simma bakara, sem varð 85 ára fyrir skömmu. Fjölskyldan var þar saman komin og hér má sjá þau hjá Sigmund og Dóru Hönnu Magnúsdóttur og ættbögann sem af þeim er kominn.

Aftasta röð f.v. Sigurjón Andrésson, Kateryna Hlynsdóttir, Sigmundur Andrésson, Bergur Andri Ívarsson, Ívar Örn Bergsson, Sigmar Magnússon, Bergur Magnús Sigmundsson og Óskar Sigmundsson.

Önnur röð, Hlynur Sigmarsson, Andrés Sigmundsson, Þórunn Kolbeinsdóttir, Hávarður Örn Ívarsson, Dóra Bergs Sigmundsdóttir, Vilborg Gísladóttir, Oddný Huginsdóttir, Andrés Bergs Sigmarsson og Sighvatur Jónsson.

Vinstra megin við Dóru Hönnu og Sigmund eru Huginn Óskarsson, Heiðrún Björk Sigmarsdóttir og Dóra Hanna Sigmarsdóttir.

Krakkarnir fremst eru Hekla Sif Sigurjónsdóttir, Hrafnhildur Svala Sigurjónsdóttir, Ósk Óskarsdóttir, Ástrós Óskarsdóttir, Gabriel Sighvatsson, með Aron Inga Vilbergsson, Elmar Elí Sighvatsson og Richard Óskar Hlynsson.“

## **Afkomendur þeirra hjóna Sigmundar Andréssonar og Dóru Hönnu Magnúsdóttur.**

1. Sigmundur Andrésson f. 20.08.1922 & Dóra Hanna Magnúsdóttir f. 27.06.1925  
m. 02.10.1947:

1.1 Dóra Bergs (Sverrisdóttir) Sigmundsdóttir (ættleidd), f. 06.11.1944  
m. 31.12.1971: Sigmar Magnússon f. 25.09.1948

1.1.1. Hlynur Sigmarsson f. 27.02.1969  
m. 17.06.2000: Svetlana Luchyk. Skilin.  
1.1.1.1 Kateryna Hlynisdóttir, f. 22.09.1993  
1.1.1.1 Richard Óskar Hlynsson, f. 28.12.2003

1.1.2 Dóra Hanna Sigmarsdóttir, f. 07.05.1974  
m. 03.05.1997: Sighvatur Jónsson, f. 01.10.1975  
1.1.2.1 Gabríel Sighvatsson, f. 28.09.1998  
1.1.2.2 Elmar Elí Sighvatsson, f. 04.06.2005  
1.1.2.3 Embla Dís Sighvatsdóttir, f. 11.08.2010

1.1.3 Heiðrún Björk Sigmarsdóttir, 28.03.1977  
samb. Vilberg Eiríksson, f. 04.08.1976  
1.1.3.1 Aron Ingi Vilbergsson, f. 28.04.2007  
1.1.3.2 Arnar Gauti Vilbergsson, f. 06.03. 2009

1.1.4. Andrés Bergs Sigmarsson, f. 11.12.1980

1.2. Bergur Magnús Sigmundsson 05.12.1947  
Samb.: Guðrún Fanney Júlíusdóttir, f. 01.01.1950  
m. 03.12.1972: Vilborg Gísladóttir f. 25.11.1951

1.2.1 Magnús Bergsson (móðir: Guðrún Fanney), f. 27.11.1967  
m. 06.07.1996: Una Sigríður Gunnarsdóttir, 22.12.1968  
1.2.1.1 Maren Júlía Magnúsdóttir, f. 25.11.2003

1.2.2 Sturla Bergsson (móðir Vilborg), f. 20.06.1973  
m. 20.08.2005: Sveinbjörg Kristjánsdóttir, f. 25.04.1981  
1.2.2.1 Sóley María Þórisdóttir, f. 16.09.2001  
1.2.2.2 Kristján Rúnar Sturluson, f. 27.06.2008

1.2.3 Ívar Örn Bergsson (móðir Vilborg), f. 08.04.1976  
m. 10.06.2006: Þórunn Kristín Kolbeinsdóttir, f. 16.10.1979  
1.2.3.1 Bergur Andri Ívarsson, f. 06.11.2003  
1.2.3.2 Hávarður Arnar Ívarsson 28.04.2005

1.2.4 Ingibjörg Reynisdóttir (móðir: Vilborg), f. 22.02.1971  
Samb.: Emil Þór Jónsson, f. 16.11.1976  
1.2.4.1 Kristjana Lind Emilsdóttir, f. 11.08.2005  
1.2.4.2 Ísak Kári Emilsson, f. 17.12.2010

1.3 Andrés Sigmundsson, f. 11.12.1949  
m.I. 11.09.1969: Hrafnhildur Ástþórsdóttir, f. 20.06.1949. Skildu  
m.II. 26.11.1994: Þuríður Freysdóttir, f. 20.11.1951

1.3.1 Sigmundur Andrésson (móðir: Hrafnhildur), f.14.08.1968  
m.19.09.2009: Azadeh Andrésson f. 16.10.1980  
1.3.1.1 Asal Andrésson f.19.08.2010

1.3.2 Sigurjón Andrésson (móðir: Hrafnhildur), f. 10.12.1970  
m. 21.07.2001: Sara Guðjónsdóttir, f. 07.05.1975  
1.3.2.1 Hrafnhildur Svala Sigurjónsdóttir, f. 06.01.1998  
1.3.2.2 Hekla Sif Sigurjónsdóttir, f. 25.03.2000

1.3.3 Agnes Sif Andrésdóttir (móðir: Hrafnhildur), f. 31.05.1973  
1.3.4 Guðrún Heba Andrésdóttir (móðir: Þuríður), f. 06.10.1989, d. 29.10.2009.  
1.3.5 Ágúst Örn Gíslason (móðir: Þuríður), f. 30.09.1976

1.4. Óskar Sigmundsson, f. 07.05.1964  
m. 05.09.1992: Oddný Huginsdóttir, f. 25.09.1967

1.4.1 Huginn Óskarsson, f. 11.07.1993  
1.4.2 Ástrós Óskarsdóttir, f. 14.02.1997  
1.4.3 Ósk Óskarsdóttir, f. 19.08.2001



Sigmundur Andr sson bakameistari

**Heimildir:**

Eyjaskinna 1983, 2. rit, Saga brau ger ar   Vestmannaeyjum eftir Sigmundur Andr sson

Magn s Bergsson 100  ra, 2. ok ber 1898-1998 eftir Halld r S. Magn sson

Vikubla i  Fr ttir

Morgunbla i , greinasafn Morgunbla sins

Dagbla i  V sir


Heimasl  ; [www.heimaslod.is](http://www.heimaslod.is)

Wikipedia; [www.wikipedia.is](http://www.wikipedia.is)

Borg r Sigf sson skr i eftirminnilega fer  s na   k tter Surprise GK 4, 1920

Fj ldi br fa og minnispunkta sem Sigmundur hefur hefur sent h fundi og fj lskyldu hans.

Samt l vi  Sigmundur, D ru H nnu, fj lskyldume limi, fr ndur, fr nkur, vini ofl. sem of langt m l v ri   telja upp h r.



„Skattakóngur hrærir í þjóðarkökunni.  
Mettar fimm þúsund manns með brauði.“

Sigmundur Andrésson bakameistari (f. 25.08.1922) ólst upp á Eyrarbakka til 9 ára aldurs en árið 1932 meiddist hann eftir að hafa dottið af hestbaki og lá í þrjú og hálf ár á Landsspítalanum í Reykjavík. Þessi tími hlýtur að hafa haft áhrif á ungan dreng svo fjarri foreldrum sínum en þeir komust ekki oft í heimsókn. „Pabbi kom þegar hann var á leið til Siglufjarðar á vorin og er hann kom heim á haustin, og mamma bara einu sinni á ári. Það voru engir peningar fyrir fargjaldi...“

Móðir hans deyr síðan rúmum tveimur árum eftir að hann leggst inn á spítala. Hann hefur örugglega óskað þess að sjá foreldra sína oft og það hefur vafalítið oft þurft mikinn kraft og hörku til að halda út svo langan tíma einn á spítala. Þessi ár hafa eflaust mótað hann að einhverju leyti og viðhorf hans til lífsins. Hann lærði að treysta á sjálfan sig, njóta líðandi stundar og að það er ekki allt sjálfsagt í lífinu.

Sigmundur hefur afrekað ýmislegt í lífinu. Hann kynntist gæðakonunni Dóru Hönnu Magnúsdóttur í Vestmannaeyjum og eignaðist með henni fjölskyldu og ráku þau saman Magnúsarbakarí með miklum glæsibrag í áratugi. Í þessari samantekt sem skrifuð er í tilefni af níræðis afmæli hans er farið yfir það helsta sem Sigmundur afrekaði í leik og starfi.



Sími 1964 - Vestmannaeyjum